Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður .....	17 275.00	
Ólafur Guðmundsson .....	20 730.00	
Ólafur Guðmundsson, fyrrv. póstur .....	10 365.00	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis .....	41 460.00	
Ólafur Þorsteinsson, lækni .....	16 477.00	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir .....	10 365.00	
Páll Ólafsson, fyrrv. ræðismaður .....	16 477.00	
Páll Pálsson .....	25 913.00	
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður .....	10 365.00	
Pétur Jónsson, fyrrv. vegavinnuverkstjóri .....	17 275.00	
Pétur Ottesen, fyrrv. alþm. ....	51 825.00	
Pétur Pétursson, fyrrv. póstur .....	10 795.00	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur .....	17 299.00	



	Kr.	Kr.
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	37 482.00	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	15 548.00	
Rögnvaldur Jónsson, fyrrv. verkstjóri	10 365.00	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	13 820.00	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	18 643.00	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	17 275.00	
Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	18 743.00	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Sigtryggur Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	20 730.00	
Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari	23 067.00	
Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur	13 820.00	
Sigurður Jónsson, fyrrv. kennari	34 550.00	
Sigurður Nordal, prófessor	41 704.00	
Sigurður Sigfússon, fyrrv. póstur	10 380.00	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	10 365.00	
Sigurður Þórðarson	17 275.00	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	20 730.00	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	17 275.00	
Sigurlás Nikulásson	31 095.00	
Sigursteinn Steinþórsson	25 913.00	
Stefán Kristjánsson, fyrrv. verkstjóri	10 365.00	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Steindór Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	13 820.00	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Svava Jónsdóttir, fyrrv. leikkona	13 820.00	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	10 365.00	
Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	10 365.00	
Valdís Böðvarsdóttir, fyrrv. símtjóri og póstafrk.	13 494.00	
Valgerður Kristjánsdóttir	10 365.00	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	10 365.00	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Vigdís Torfadóttir	34 550.00	
Vilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafrgm.	34 550.00	
Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Þórarinn Stefánsson, fyrrv. fiskmatsmaður	10 365.00	
Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	15 548.00	
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	10 365.00	
Þorlákur Stefánsson	20 730.00	
Þorleifur Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	17 275.00	
Þórný Friðriksdóttir, fyrrv. húsmæðraskólastjóri	23 468.00	
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsmaður	10 365.00	
Þorvaldur Þorvaldsson, fyrrv. fiskmatsmaður	10 365.00	
Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	20 730.00	

Samtals

4 711 346.00

06 774 Ekkjur:	Kr.	Kr.
Aðalbjörg Sigurðardóttir .....	26 313.00	
Agnethe Kamban .....	24 829.00	
Ágústa Sigurðardóttir .....	17 275.00	
Anna Bjarnadóttir .....	10 365.00	
Anna Ólafsdóttir .....	11 244.00	
Anna Þuríður Sæmundsdóttir .....	13 820.00	
Anna Tómasdóttir .....	20 730.00	
Árný Stigsdóttir .....	10 365.00	
Arnþrúður Danielsdóttir .....	11 244.00	
Ásdís Þorgrímsdóttir .....	10 365.00	
Ásta Jónsdóttir, ekkja Bjarna Ásgeirssonar .....	58 884.00	
Ásta Ólafsdóttir .....	20 730.00	
Ásta Þorvaldsdóttir .....	10 365.00	
Ástriður Eggertsdóttir, ekkja Þórarins Vikings ..	17 275.00	
Ástriður Magnúsdóttir .....	10 365.00	
Björg Jónasdóttir .....	15 383.00	
Bryndís Þórarinsdóttir .....	23 468.00	
Camilla Hallgrímsson .....	17 601.00	
Dagbjört Guðjónsdóttir .....	16 477.00	
Eleanor Sveinbjörnsson .....	26 313.00	
Elín Einarsdóttir .....	17 275.00	
Elínborg Vigfúsdóttir .....	10 365.00	
Elisabet Jónsdóttir, ekkja Sig. Björnss., fiskmatism.	10 365.00	
Erna Stefánsson .....	41 460.00	
Eufemia Ólafsdóttir .....	43 188.00	
Friða Hliðdal .....	74 891.00	
Guðbjörg Guðmundsdóttir .....	17 275.00	
Guðbjörg Kristjánsdóttir .....	26 313.00	
Guðfinna Blöndal .....	41 460.00	
Guðlaug Magnúsdóttir .....	43 789.00	
Guðný Halldórsdóttir .....	20 730.00	
Guðríður Sigurðardóttir .....	10 365.00	
Guðrún Guðnadóttir .....	17 275.00	
Guðrún Hálfánardóttir .....	10 365.00	
Guðrún Jóhannesdóttir .....	10 365.00	
Guðrún P. Jónsdóttir .....	26 313.00	
Guðrún Pálsdóttir .....	24 185.00	
Guðrún Ragúels .....	10 365.00	
Halldóra Þórðardóttir .....	13 158.00	
Helga Friðbjarnardóttir .....	20 730.00	
Helga Hinriksdóttir .....	17 275.00	
Helga Pétursdóttir .....	25 913.00	
Hildur Blöndal .....	34 550.00	
Hjaltlína Guðjónsdóttir .....	25 913.00	
Hólmfriður Guðmundsdóttir .....	41 460.00	
Hólmfriður Rögnvaldsdóttir .....	20 730.00	
Hulda Þ. Björnæs .....	20 759.00	
Indiana Sturludóttir .....	25 913.00	
Ingibjörg Björnsdóttir .....	13 687.00	
Ingibjörg Eyjólfsdóttir .....	31 095.00	
Ingibjörg Gamalielsdóttir .....	25 913.00	
Ingibjörg Högnadóttir .....	10 365.00	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir .....	20 730.00	

	Kr.	Kr.
Ingunn Eyjólfsdóttir .....	25 913.00	
Ingunn Hlíðar .....	16 477.00	
Ingveldur Ólafsdóttir .....	10 365.00	
Irma Weile Jónsson .....	43 188.00	
Jakobína Thorarensen .....	17 275.00	
Jóhanna Jónsdóttir .....	19 555.00	
Jóhanna Vigfúsdóttir .....	10 365.00	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir .....	18 892.00	
Jónína Kristjánsdóttir .....	25 913.00	
Katrín Sveinsdóttir .....	31 095.00	
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertss. ..	10 381.00	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja .....	10 365.00	
Kristín Pálsdóttir .....	10 999.00	
Kristín Þórarinsdóttir .....	19 555.00	
Kristólína Kragh .....	10 365.00	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar .....	16 594.00	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar .....	13 820.00	
Lára Svansdóttir .....	10 365.00	
Lára M. Vigfúsdóttir .....	34 550.00	
Lelía Stefánsson .....	51 825.00	
Lilja H. Arndal .....	34 550.00	
Lilja Eyþórsdóttir .....	31 140.00	
Lilja Jörundsdóttir .....	20 730.00	
Lilja Steinsen .....	60 463.00	
Lovísa Sveinbjörnsson .....	68 684.00	
Lydia Einarsson .....	43 188.00	
Magdalena Ásgeirsdóttir .....	10 365.00	
Málfríður Bjarnadóttir .....	10 365.00	
Margrét Árnadóttir .....	25 913.00	
Margrét Björnsdóttir .....	13 181.00	
Margrét Guðbrandsdóttir .....	31 095.00	
Margrét Jónasdóttir .....	43 188.00	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni .....	28 683.00	
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja .....	10 365.00	
Margrét L. Lárusdóttir .....	10 365.00	
María Guðlaugsson .....	16 192.00	
Marta Oddsdóttir .....	10 365.00	
Melitta Urbancic .....	16 477.00	
Ólafía Finnbogadóttir .....	10 365.00	
Olga E. Jónsson .....	19 555.00	
Rannveig Tómasdóttir .....	13 158.00	
Rósa Jónsdóttir .....	10 365.00	
Rósa Þórarinsdóttir .....	17 275.00	
Sigríður Árnadóttir .....	62 190.00	
Sigríður Bjarnason .....	43 939.00	
Sigríður Einarsson .....	67 469.00	
Sigríður Gísladóttir .....	10 365.00	
Sigríður Guðmundsdóttir .....	10 365.00	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum .....	33 359.00	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal .....	10 999.00	
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar ..	20 730.00	
Sigrún Thorarensen .....	13 820.00	
Sigurlaug Jónsdóttir .....	25 913.00	

	Kr.	Kr.
Sigurlaug Sigurðardóttir .....	20 730.00	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir .....	19 555.00	
Sólveig Árnadóttir .....	20 730.00	
Sólveig Eggerz .....	57 995.00	
Stefanía Stefánsdóttir .....	21 511.00	
Steinunn P. Eyjólfsson .....	11 657.00	
Steinunn Tómasdóttir .....	17 275.00	
Súsanna Friðriksdóttir .....	19 555.00	
Sveinbjörg Kristinsdóttir .....	17 275.00	
Sveindís Hansdóttir .....	10 365.00	
Torfhildur Magnúsdóttir .....	10 365.00	
Unnur Skúladóttir .....	21 929.00	
Valborg Einarsson .....	21 929.00	
Valgerður Helgadóttir .....	17 299.00	
Valgerður Ólafsdóttir .....	15 646.00	
Vigdís G. Blöndal .....	10 999.00	
Vigdís Guðmundsdóttir .....	20 730.00	
Þóra Magnúsdóttir .....	13 820.00	
Þóra Sigfúsdóttir .....	10 365.00	
Þóra Sigurðardóttir .....	10 365.00	
Þóra Skaftason .....	10 365.00	
Þorbjörg Kjartansdóttir .....	25 913.00	
Þorbjörg Sigmundsdóttir .....	21 929.00	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir .....	15 548.00	
Þórey Jóhannsdóttir .....	10 365.00	
<b>Barnastyrkur:</b>		
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16. júlí 1924, sjúklingur ..	10 365.00	
<b>Samtals</b>		<b>2 905 559.00</b>

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tvö eru megin Einkenni fjárlagafrumvarpsins að þessu sinni. Annars vegar þær sérstöku ráðstafanir, sem nú er óumflýjanlegt að gera vegna erfiðleika útflutningsatvinnuveganna og minnkandi þjóðartekna. Hins vegar gagnger breyting á skipulagi frumvarpsins bæði að formi og efni, í samræmi við hin nýju lög um ríkisbókshald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Fjárlög ársins 1967 mótuðust af verðstöðvunarstefnunni, sem m. a. lagði á ríkissjóð mikil ný útgjöld til niðurgreiðslna á vöruverði í því skyni að koma í veg fyrir kostnaðarauka framleiðsluatvinnuveganna í erfiðleikum þeirra vegna aflabrests og verðfalls, án þess að þurfa að skerða um sinn lífskjör almennings, í trausti þess, að atvinnuvegirnir hefðu bætt svo hag sinn í lok verðstöðvunartímabilsins, að þeir gætu þá tekið á sig þessi útgjöld. Þar eð hin góða afkoma ríkissjóðs 1966 var forsenda þessara útgjalda og verulegs hluta nýrrar aðstoðar við sjávarútvegin, og engar líkur voru til umframtekna á árinu 1967, var sýnt, að hefði hagur atvinnuveganna ekki batnað í lok verðstöðvunartímabilsins, yrði ekki lengur um neinn varasjóð að ræða til að forðast nokkra kjaraskerðingu, þar til úr rættist um verðlag og aflabrogð.

Þegar frumvarpið var samið, voru enn lakari horfur varðandi hag útflutningsframleiðslunnar en við upphaf verðstöðvunarinnar, og við blasti jafnframt versnandi afkoma ríkissjóðs. Nauðsyn áframhaldandi verðstöðvunar í meginefnum var því enn brýnni en áður, en ógerlegt að forða almenningi lengur frá þeirri kjaraskerðingu, sem minnkandi þjóðartekjur um lengri tíma hljóta að valda. Megináherzla hefur verið á það lögð að setja kjaraskerðingunni svo þröng takmörk sem auðið var. Því megin sjónarmiði hefur því verið fylgt að sníða útgjaldahækkunum í hvívetna svo þröngan stakk, er frekast hefur verið auðið, og synja um öll ný útgjöld. Hefur þó auðvitað ekki reynzt auðið að koma í veg fyrir hækkunir, sem beinlínis leiðir af fólksfjölgun og gildandi löggjöf. Er síðar hér í greinargerðinni að finna sundurliðun og skýringar á þeim hækkunum rekstrarútgjalda og venjulegra fjárfestingarútgjalda, sem eigi var talið auðið að komast hjá. Fela þær breytingar ekki í sér nema um 1.8% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs, ef frá er talin áætluð hækkun á hinum eldri niðurgreiðslum á vöruverði og veruleg hækkun á framlagi til Ríkisábyrgðasjóðs, sem hvort tveggja er sérstaks eðlis. Þá var óumflýjanlegt að taka í frumvarpið nokkrar fjárveitingar til ríkisframkvæmda, sem síðustu ár hefur verið aflað fjár til með lántökum, en sem sýnilegt er, að ekki reynist auðið að fjármagna með þeim hætti á næsta ári.

Ef áfram hefði átt að halda öllu verðlagi í skefjum með niðurgreiðslum, og jafnframt verja fé til aðstoðar sjávarútveginum með sama hætti og í ár, hefði þurft að afla 750 millj. kr. nýrra tekna. Þetta telur ríkisstjórnin ekki auðið að gera með nýjum sköttum. Eftir að hafa athugað allar aðstæður gaumgæfilega, er gert ráð fyrir að brúa þetta bil með eftirgreindum ráðstöfunum:

1. Felldar verði niður allar þær niðurgreiðslur á vöruverði, sem teknar hafa verið upp eftir 1. ágúst 1966. Myndi sú fjárhæð hafa numið um 410 millj. kr. á næsta ári.
2. Fasteignamat til eignarskatts verði tólfaldað, en sexfaldað í sveitum jafnhliða tvöföldun á skattfrjálsri lágmarksupphæð. Er áætlað að sú tekjuöflun gefi um 62 millj. kr.
3. Lagður verði á farmiðaskattur vegna utanlandsferða, þrjú þús. kr. á farseðil. Er sá tekjuauki áætlaður 60 millj. kr.
4. Verðhækkun á tóbaki og áfengi er áætluð að gefa um 60 millj. kr.
5. Halla almannatrygginga verði mætt með hækkunum iðgjöldum, en ella þyrfti á næsta ári að afla 63 millj. kr. til að jafna halla þeirra á því ári.
6. Leyfð verði hækkun daggjalda á sjúkrahúsum og hækkun sjúkrasamlagsgjalda, er ella hefði leitt til um 40 millj. kr. útgjalda hjá ríkissjóði á næsta ári.

7. Undanþága söluskatts af þjónustu pósts, síma og útvarps verði felld niður, er mun gefa um 40 millj. kr., og að auki er áætlað að póstur og sími geti skilað 20 millj. kr. rekstrarafgangi til ríkissjóðs.
8. Stefnt er að sérstakri lækkun útgjalda á ýmsum liðum og ráðstöfunum til tekju- auka á öðrum liðum.

Að því leyti, sem hér er ekki um ráðstafanir að ræða, sem ríkisstjórnin getur gert án lagasetningar, verður leitað heimildar fyrir þeim í sérstökum lögum um efnahagsmál, er ríkisstjórnin leggur fyrir Alþingi. Það er forsenda þessara aðgerða, að laun hækki ekki af þeim sökum, enda er frumvarpið miðað við sömu laun og nú eru greidd.

#### Skýringar á nýrri uppsetningu fjárlaga.

Frumvarp það til fjárlaga fyrir árið 1968, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er hið fyrsta, sem samið er samkvæmt lögum nr. 52 13. maí 1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Í greinargerð með frumvarpinu til laga um ríkisbókhald segir:

„Markmið þessa frumvarps er, að fjárlög og ríkisreikningur verði þannig úr garði ger, að þau þjóni sem bezt þörfum fjárveitingavalds og fjármálastjórnar, almennrar stjórnarsýslu og hagstjórnar, þjóðhagsreikninga og hagskýrslugerðar yfirleitt. Jafnframt er stefnt að því, að reikningskerfið verði svo einfalt og aðgengilegt sem unnt er, miðað við þann tilgang, sem því er settur. . . . Jafnframt er stefnt að því, að meiri festa skapist en verið hefur í skráningu á fjárreiðum ríkisins og meira samræmi verði á milli reikninga ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja innbyrðis.“

Vegna þessa er frumvarpið mjög frábrugðið fjárlagafrumvörpum fyrri ára, bæði að því er varðar efni þess og form.

#### Efnisbreytingar.

Gildandi fjárlög gera engan veginn grein fyrir öllum rekstri ríkisins. Frumvarpið gefur á hinn bóginn fölulega heildarmynd af öllum rekstri ríkisins, eins og hann nú er ráðgerður á árinu 1968, með fáum undantekningum. Hreinar lánastofnanir ríkisins, ríkisbankarnir, stofnlánasjóðir atvinnuveganna o. fl., eru ekki teknar í frumvarpið skv. sérstöku ákvæði í lögnum, og ekki heldur nokkur ríkisfyrirtæki, sem ekki hefur tekizt að fá áætlanir frá, þrátt fyrir itrekuð tilmæli til hlutaðeigandi ráðuneyta og fyrirtækja. Hvort tveggja rýrir nokkuð gildi frumvarpsins sem heildaryfirlits. Í þessu frumvarpi gefst Alþingi engu að síður heildaryfirsýn yfir rekstur ríkisins, sem það hefur ekki átt kost á í eldri gerð fjárlaga.

Þessi breyting frá fjárlögum og fjárlagafrumvörpum fyrri ára leiðir óhjákvæmilega til þess, að talnalega verða mjög margar greinar ríkisrekstrarins ekki sambærilegar við fyrri ár. Samanburð við fjárlög 1967, þar sem leitast er við að gera leiðréttingar vegna þessara breytinga, er að finna síðar í greinargerðinni.

Í breytingunni, sem hér um ræðir, munar mestu um fjölda sérskatta, sem orðið hafa til á liðnum árum með sérstökum lögum og heimildum og renna til tiltekinnna þarfa. Sem dæmi um sérskatta af þessu tagi má nefna aðflutningsgjöld af benzini og hjólbörðum, sem renna til vegagerðar, launaskatt, sem rennur til húsnæðismála, aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum, sem renna til stofnkostnaðar sjónvarps, fjölmörg gjöld til líknarfélaga o. s. frv. Sérstakt yfirlit um slíka sérskatta og ráðstöfun þeirra er að finna með frumvarpinu á bls. 105.

Breytingin frá fjárlögum yfirstandandi árs er fólgin í því, að tekjur af umræddum sköttum eru taldar með tekjum ríkissjóðs, en gjöld með öðrum gjöldum ríkissjóðs. Þessi breyting veldur mestu um hækkun frumvarpsins frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Í þessu fjárlagafrumvarpi er ekki tekin stefnuafstaða til þess, hvort meira eða minna skuli gert af slíkri mörkun tekjustofna. Á hinn bóginn hefur verið leitast við að ná öllum þessum gjöldum inn í fjárlagafrumvarp, svo að þau falli inn í

heildarmynd ríkisfjármálanna. Með því móti einu getur Alþingi gert sér ljóst hlutfallslegt mikilvægi hinna ýmsu tekna og gjalda á ríkisins vegum.

Auk þeirra sérskatta, sem hér hafa verið ræddir, koma nú í fjárlög yfirlit um starfsemi ýmissa stofnana og fyrirtækja, sem hingað til hefur ekki verið getið í fjárlögum eða getið mjög óverulega. Sem dæmi um þetta má nefna embætti einstakra sýslumanna, skattstofur, Tryggingastofnun ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins, Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli, Skrifstofu ríkisspítalanna o. fl.

Að því er varðar efni tekjuhliðar fjárlaga sérstaklega er vert að benda á, að þetta frumvarp gefur sæmilega tæmandi heildarmynd af þeim sköttum, sem ríkið leggur á borgarana. Slíkt yfirlit hefur ekki áður verið tekið saman með svipuðum hætti og kynnt almenningi.

### **Formbreytingar.**

Auk þeirra efnisbreytinga á frumvarpinu, sem hér hafa verið raktar, hafa verið gerðar á því verulegar formbreytingar.

Hið nýja fjárlagafrumvarp skiptist í tvo hluta, A- og B-hluta. Í A-hluta er gerð grein fyrir fjárreiðum ríkissjóðs og ríkisstofnana og svarar þannig til allra eldri fjárlaganna að undanskildum 3. gr. og nokkrum stofnunum í öðrum greinum, s. s. flugmálastjórn, ríkisspítölum o. fl. Í B-hluta er hins vegar að finna yfirlit um rekstur og fjármunahreyfingar ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign, skv. nánari skýrgreiningu. Að því leyti, sem þessi hluti frumvarpsins er sambærilegur við gildandi fjárlög, svarar hann til 3. gr. fjárlaga.

Verður nú gerð grein fyrir meginráttum í framsetningu frumvarpsins í hinu nýja formi.

Þeirri meginreglu er fylgt í A-hluta frumvarpsins, að yfirlit um heildarniðurstöður er að finna fremst í frumvarpinu, en sundurliðun gjalda og tekna ríkissjóðs verður meiri eftir því sem aftar dregur. Þannig hefst frumvarpið með greiðsluyfirliti um gjöld og tekjur, svo og lánahreyfingar A-hluta fjárlaganna. Því næst er yfirlit um gjöld sundurliðuð á ráðuneyti og stærstu málefnaflokkanna, samhliða sundurliðun tekna í einstaka tekjustofna. Meginhluti A-hluta frumvarpsins er loks yfirlit um ráðgerð útgjöld einstakra stofnana, skipt eftir tegundum og í sumum tilfellum jafnframt eftir viðfangsefnum.

Í B-hluta fjárlaga er síðan gerð grein fyrir ráðgerðum rekstrargjöldum og rekstrartekjum einstakra ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign, og jafnframt fylgir yfirlit um ráðgerðar fjármunahreyfingar hjá þeim eftir því sem við á.

Loks eru birt með frumvarpinu nokkur sérstök yfirlit, sem talin voru fróðleg til íhugunar.

Hér á eftir verður ýmsum breytingum öðrum, sem gerðar eru frá núgildandi fjárlögum, lýst nokkru nánar:

1. Öllum rekstrargjöldum A-hluta fjárlaga er skipt niður á ráðuneyti og stofnanir (í sumum tilfellum gervistofnanir). Þannig verða öll málefni hvers ráðuneytis á einum stað í frumvarpinu, þar með talin útgjöld ráðuneytisins sjálfs. Með þessum hætti er kostnaði við Stjórnarráðið skipt og leitast við að sýna heildarkostnað við hvert ráðuneyti sem yfirstjórnarkostnað þeirra málefnaflokkanna og stofnana, sem undir það ráðuneyti heyra. Óskiptanlegur kostnaður ráðuneytanna er felldur á ýmis útgjöld á vegum fjármálaráðuneytisins, og jafnframt á óviss útgjöld.

2. Vaxtagjöldum, sem nú eru í 7. gr. fjárlaga, er skipt upp á hlutaðeigandi stofnanir. Einnig er fjárfestingarútgjöldum, sem nú eru í 20. gr. Út, skipt upp á hlutaðeigandi stofnanir og færð þar sem gjaldfærður stofnkostnaður. Er það í samræmi við ákvæði laganna um ríkisreikning o. fl., þar sem kveðið er á um, að hjá A-hluta stofnunum skuli eignir færðar til gjalda á sama ári, en haldin um þær eignaskrá.

3. Afborganir af lánum, sem nú eru ýmist í 20. gr. Út eða greiddar af rekstrarfjárveitingum stofnana, eru í frumvarpinu sýndar neðan við yfirlit um rekstrargjöld og rekstrartekjur hvernar stofnunar. Þannig sjást á einum stað allar ráðgerðar útborganir vegna stofnunarinnar á fjárlagaárinu, gagnstætt því sem nú er, þegar afborganir og vextir ýmissa stofnana og fjárfestingarútgjöld þeirra eru á nokkrum stöðum í fjárlögum.

4. Samræmd gjaldasundurliðun er tekin upp hjá öllum stofnunum og fyrirtækjum ríkisins. Jafnframt er stofnunum og fyrirtækjum opnuð leið til að sýna yfirlit um skiptingu útgjalda eftir viðfangsefnum, sem stofnun fæst við til að ná þeim markmiðum, sem henni eru sett.

Benda má á, að hin samræmda sundurliðun gjalda gerir mögulegt að gefa heildaryfirlit um öll laun, allt viðhald o. s. frv., sem ráðgert er að greiða á árinu 1968 á vegum ríkisins, sbr. sérstök yfirlit 1—3 á bls. 102 og 103.

5. Öllum merkingum viðfangsefna, gjaldategunda, stofnana og ráðuneyta er breytt frá núverandi fjárlögum í talnakerfi, sem miðað er við, að fallið geti að notkun rafeindatækni við gerð fjárlaga og síðar við færslu og uppgjör ríkisreikninga.

Skýringar á talnakerfinu ásamt dæmum er að finna í fylgiskjali með greinargerðinni.

#### *Sérstakar skýringar á sundurliðun útgjalda eftir tegundum.*

Hin samræmda sundurliðun útgjalda eftir tegundum kostnaðar þarfnast nokkurra frekari skýringa. Í frumvarpinu er rekstrarútgjöldum í A-hluta skipt í eftirfarandi gjaldaflokka:

- 0 10 Laun. Þar teljast öll laun, þóknanir, álagsgreiðslur og hvers konar fríðindi, sem jafna má til launa, fyrir alla starfsmenn, fastráðna og lausráðna.
- 0 20 Viðhald. Þar telst viðhald fasteigna, búnaðar og áhalda, að frátöldum launum starfsmanna stofnunar, ef þeir vinna að viðhaldi.
- 0 30 Vextir.
- 0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður. Þar telst hvers konar kostnaður við að afla stofnun varanlegra verðmæta, s. s. húsa, tækja og áhalda, húsbúnaðar o. s. frv.
- 0 50 Önnur rekstrargjöld. Þessi liður er safnliður fyrir áður ótalin rekstrargjöld. Má þar til nefna húsaleigu, ræstingu að frátöldum launum, hita, raforku, símaþjónustu, hvers konar aðkeypta þjónustu, sem ekki er hrein laun, pappír, prentun, ferða- og flutningskostnað, tryggingar, risnu, opinber gjöld o. s. frv.
- 0 90 Yfirfærslur. Þessi liður inniheldur yfirlit um útgjöld til ýmissa aðila, án þess að um sé að ræða kaup á vörum eða þjónustu. Yfirfærslunum er skipt þannig:
  - 0 91 Yfirfærslur til ríkisfyrirtækja í B-hluta fjárlaga. Þar teljast útgjöld eins og framlög ríkissjóðs til greiðslu á halla Skipaútgerðar ríkisins, flugmálastjórnar og ríkisspítala, framlög til Tryggingastofnunar ríkisins o. s. frv.
  - 0 92 Yfirfærslur til sveitarfélaga. Hér færast hlutdeild ríkissjóðs í ýmsum útgjöldum sveitarfélaga, t. d. við hafnagerð, lögreglustöðvar, fangahús, bókasafnarekstur, vatnsveitur o. fl.
  - 0 93 Yfirfærslur til fyrirtækja og atvinnuvega. Þar færast ríkisframlög til landbúnaðar og sjávarútvegs og fleiri útgjöld af því tagi.
  - 0 94 Yfirfærslur til einstaklinga, heimila og samtaka. Þar færast alls konar styrkir, sem ríkissjóður leggur fram til þessara aðila.

Tekjum, sem koma til frádráttar gjöldum hjá sumum stofnunum í A-hluta, er ekki skipt. Þar er átt við tekjur fyrir selda þjónustu, en hins vegar eru ekki taldir með sliikum tekjum sérstakir skattstofnar, sem lagðir hafa verið á til að standa straum af starfseminni. Sem dæmi má nefna Skipaskoðun ríkisins. Þar eru taldar með tekjum stofnunarinnar tilfallandi tekjur fyrir veitta þjónustu, t. d. aukaskoðanir,



skrásetningar o. þ. h. Skipaskoðunargjöld eru hins vegar talin vera skattur og talin með tekjum ríkissjóðs.

*Sérstakar skýringar á sundurliðun útgjalda eftir viðfangsefnum.*

Eins og getið var lauslega hér að framan, gerir hið nýja form fjárlaga ráð fyrir sundurliðun útgjalda eftir viðfangsefnum jafnframt hinni hefðbundnu sundurliðun í tegundir útgjalda. Sumar stofnanir hafa notfært sér þetta, og því sýnir fjárlagafrumvarpið tvenns konar skiptingu útgjalda þeirra stofnana.

Í gildandi fjárlögum eru báðar tegundirnar af sundurliðun til, en þá að jafnaði blandað saman, þannig að hvorug verður að fullu gagni.

Með sundurliðun í viðfangsefni er átt við skiptingu á kostnaði við starfsemi stofnunar eftir markmiðum, sem henni er ætlað að ná. Slík skipting er vandaverk, en getur ef vel tekst til gefið allglögga hugmynd um þau verkefni, sem stofnun vinnur að.

Hér verður tekið dæmi til skýringar á viðfangsefnasundurliðun. Jafnframt skýrir dæmið, hvernig upplýsingar frumvarpsins eru fyllri en gildandi fjárlaga:

Fjárlög 1967, 13. gr. F. VIII.

**Landmælingar Íslands:**

1. Laun .....	684
2. Prentun landabréfa .....	417
3. Annar kostnaður .....	1 144
4. Til teikningar jarðfræðikorta .....	120
	<hr/>
	2 365

**Fjárlagafrumvarp 1968.**

**07.156 Landmælingar Íslands:**

0 10 Laun .....	2 318	
0 40 Gjaldfærður stofnkostnaður .....	660	
0 50 Önnur rekstrargjöld .....	1 317	
	<hr/>	
Gjöld samtals .....	4 295	
1 00 Tekjur .....	2 130	
Mismunur .....		2 165
3 00 Lánahreyfingar út .....	200	
<b>Viðfangsefni:</b>		
01 Yfirstjórn .....	250	
02 Landmælingar .....	2 529	
03 Ljósmyndun .....	878	
04 Kortasala .....	638	
	<hr/>	
Gjöld samtals .....	4 295	

Skýringar: Hér er um að ræða óbreytta starfsemi milli ára. Hin hefðbundna framsetning í fjárlögum 1967 blandar saman ófullkominni tegundasundurliðun kostnaðar og viðfangsefnasundurliðun. Þá sést ekki í fjárlögum sá hluti af starfsemi stofnunarinnar, sem hún stendur undir með eigin tekjum.

Viðfangsefnasundurliðun í frumvarpinu, sem gera mætti ítarlegri, ef það teldist þjóna einhverjum tilgangi, gefur augljóslega mun meira til kynna um þessa starfsemi en skipting útgjaldanna eftir tegundum. Vel heppnuð skipting af þessu tagi fyrir allar stofnanir ríkisins mundi sennilega gefa handhöfum fjárveitingavaldsins betra tækifæri en þeir nú hafa til að velja og hafna og auka eða minnka áherzlu á einstakar greinar ríkisrekstrarins.

Því getur komið til greina síðar að birta í fjárlagafrumvarpi og fjárlögum einungis sundurliðun eftir viðfangsefnum, en eiga gjaldtegrundasundurliðun einungis til afnota innan ríkisrekstrarins.

#### *Um umbætur i gerð og setningu fjárlaga almennt.*

Hlutur fjárlagasetningar i stjórn þjóðmála er oftsinnis vanmetinn. Okunnugir gera sér sjaldan ljóst, að fjárlögin eru safn af stærstu stjórnmalalegu ákvörðunum, sem teknar eru i ríkinu ár hvert. I fjárlagasetningu eru þarfir, hagsmunir og áhugamál einstaklinga, samtaka, landshluta o. s. frv., vegið hvað á móti öðru og því takmarkaða fjármagni, sem er til ráðstöfunar, skipt.

Hver sú tala, sem i fjárlögum stendur, er þannig vottur um stjórnmalalega ákvörðun eða ákvarðanir um aðgerðir af ríkisins hálfu, og þá jafnt hvort sem um er að ræða beina fjárveitingu úr ríkissjóði eða samþykki á áætlun fjárhagslegra sjálfstæðra ríkisfyrirtækja um gjöld, tekjur, fjárfestingar eða lántökur.

Að baki frumvarpi til fjárlaga liggur mikið starf, sem fólgið er i upplýsingasöfnun og upplýsingamiðlun innan ríkisrekstrarins og utan. Því virkara sem þetta starf er, þeim mun líklegra er, að fjárlagafrumvarpið sé raunhæf og samfelld heild; dæmi, sem gengur upp, ef forsendurnar, sem fjárlagafrumvarpið er reist á, reynast réttar. Þær umbætur, sem lögin um ríkisbókhalð, gerð ríkisreiknings og fjárlaga miða að, felast m. a. i því að auðvelda þetta upplýsingaflæði innan ríkisrekstrarins og gera það virkara.

Hitt ber fremur að leggja áherzlu á, að þessar umbætur miða að því að bæta aðstöðu fjármálaráðherra, ríkisstjórnar og ekki sízt Alþingis til að taka stefnuákvæðanir um starfsemi ríkisins og fylgjast með framkvæmd þeirra ákvæðana.

Síðast en ekki sízt miða þessar umbætur að því að tryggja aðstöðu ríkisstjórnar og Alþingis til að fylgja eftir og fylgjast með framkvæmd þessara ákvæðana.

Mikið verk er óunnið áður en þessu marki er sámilega náð, en þetta frumvarp hefur vonandi þokað verkinu nokkuð áleiðis.

#### **Yfirlit og samanburður við fjárlög 1967.**

##### **Gjaldahlið.**

Sú grundvallarbreyting, sem framkvæmd hefur verið við gerð fjárlagafrumvarps ársins 1968, felur i sér ýmis vandkvæði á nákvæmum samanburði við fjárlög fyrri ára. Bæði er það, að ýmsir nýir tekna- og gjaldaliðir eru nú teknir i frumvarpið, og auk þess er færslu nokkurra annarra liða öðruvísi háttáð en i fjárlögum fyrri ára. Til að fá fram raunhæfan samanburð þessa fjárlagafrumvarps við fjárlög ársins 1967 þarf því annars vegar að lækka heildartölu frumvarpsins um þá liði, sem teknir eru inn sökum vikkunar þess sviðs, er frumvarpið tekur til, og hins vegar þarf að gera leiðréttingu vegna þeirra liða, sem nú er farið með á annan hátt en i fjárlögum 1967.

Eftirfarandi yfirlit gefur til kynna, hvernig fá má fram raunhæfan samanburð á útgjöldum frumvarpsins og útgjöldum i fjárlögum ársins 1967:

Útgjöld i fjárlagafrumvarpi 1968 .....	6 120 431
Frá dregst: Liðir, sem ekki höfðu áhrif á niðurstöðutölur fjárlaga 1967:	
a. Gjöld, sem jafnframt eru færð til tekna að öllu leyti eða að hluta <sup>1)</sup> .....	Þús. kr. 1 222 328
b. Gjöld, sem voru jöfnuð gjaldamegin á fjárlögum 1967 <sup>2)</sup>	21 595

1) Hér er um að ræða gjöld, sem fyrirfram er ráðstafað skv. lögum eða heimildum, þ. m. t. iðgjöld almannatrygginga og sérstakt framlag til Byggingarsjóðs ríkisins af eignaskatti 40.0 m.kr., svo og aðrar tekjur sjóðsins af sköttum.

2) Bifreiðaeftirlit ríkisins, embætti skipulagsstjóra og verðlagsskrifstofan.

Útgjöld sambærileg við fjárlög 1967 .....	4 876 508
Útgjöld á fjárlögum 1967 að frátöldum afborgunum og fyrningum ....	4 685 213
	<hr/>
Hækkun frá fjárlögum 1967 .....	191 295

Heildarhækkun útgjalda á rekstrarreikningi á sambærilegum grundvelli er þannig 191.3 m.kr., sem felur það að sjálfsgöðu í sér, að heildarhækkun þeirra liða, sem hækka, er mun meiri en þessari upphæð nemur, og á móti kemur svo lækkun á öðrum liðum. Verður nú gerð grein fyrir helztu breytingum á útgjalda-liðum, sem heyra undir hvert einstakt ráðuneyti og á málefnaflokkum innan þess. Slík greinargerð er þó að ýmsu leyti erfiðleikum háð vegna þeirrar grundvallar-breytingar á uppsetningu fjárlagafrumvarps, sem nú hefur verið framkvæmd. Þannig eru nokkrir mikilvægir gjaldaliðir í fjárlögum 1967, sem ókleift er að skipta á ráðuneyti eða málefnaflokk, svo sem vextir, launaskattur og ýmis sameiginlegur kostnaður ráðuneytanna, en þessir liðir eru sýndir sérstaklega í fjárlögum 1967. Síðast talda atriðið veldur því, að ókleift er að gera samanburð á kostnaði hvers einstaks ráðuneytis milli þessara tveggja ára, og tekur eftirfarandi samanburður því ekki til stjórnarráðsins. Á bls. 127 er hins vegar gerður samanburður á kostnaði við stjórnarráðið í heild. Þá er rétt að geta þess, að hin almenna 10% lækkun á fjárfestingarframlögum, sem framkvæmd var eftir að fjárlög ársins 1967 voru samþykkt, gerir samanburð við fjárlög þess árs í sumum tilvikum óraunhæfan. Í athugasemdum við einstaka liði frumvarpsins, sem gerðar verða síðar í þessari greinargerð, verður þess þó getið, þegar þessi lækkun hefur veruleg áhrif á samanburðartölur milli ára.

#### Ráðuneyti og málefnaflokkar.

Heildarhækkun útgjalda, sem fram kemur við samanburð einstakra ráðuneyta og málefnaflokkar, nemur 250.4 m.kr., en það er 59.1 m.kr. hærri tala en fram kom við samanburð heildarútgjalda í yfirlitinu hér að framan. Þessi mismunur skýrist af þeim liðum í fjárlögum 1967, sem óskiptanlegir eru, en þeir eru þessir:

	M.kr.
Sameiginlegur kostnaður ráðuneytanna .....	25.7
Vextir .....	11.0
Launaskattur .....	17.0
Ýmis sameiginlegur kostnaður (prentun o. fl.) .....	3.2
Innheimtulaun .....	1.2
Aðrir liðir samtals .....	1.0
	<hr/>
Samtals	59.1

00 Æðsta stjórn ríkisins. Kostnaður við æðstu stjórn ríkisins lækkar um 1.5 m.kr., vegna lækkunar á framlagi til bóklöðu á Bessastöðum og stofnframlagi til Bessastaðabús, og vegna lækkunar á rekstrarkostnaði Alþingis.

01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið. Breyting einstakra málefnaflokkar, sem undir þetta ráðuneyti heyra, er þessi:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun .....	7.0
Annað, hækkun .....	11.4
Fræðslumál, hækkun .....	52.3
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi, lækkun .....	0.8
	<hr/>
Heildarhækkun	69.9

**Yfirstjórn.** Sú hækkun, sem fram kemur á þessum lið, er óraunhæf, sökum sameiginlegs kostnaðar í fjárlögum 1967, sem ekki er unnt að skipta á aðalskrifstofur ráðuneytanna. Heildarsamanburður á kostnaði við Stjórnarráðið er sýndur í lok þessa hluta greinargerðarinnar.

**Annað.** Hækkunin á þessum lið, 11.4 m.kr., stafar af fyrirhuguðum kaupum og endurbótum á Viðeyjarstofu 10.0 m.kr., stofnun byggingardeildar við menntamálaráðuneytið og aukinni starfsemi skólarannsóknna.

**Fræðslumál.** Framlög til fræðslumála hækka um 52.3 m.kr. Barnafræðslan hækkar um 13.6 m.kr. og gagnfræðamenntun um 15.2 m.kr. vegna eðlilegrar nemendafjölgunar, aukins viðhalds og breytts skólahalds, þ. á m. lengingar skólatíma. Framlag til Háskóla Íslands hækkar um 3.1 m.kr. vegna kennarafjölgunar í samræmi við kennaraáætlun og aukinnar stundakennslu. Framlög til menntaskólanna hækka um 11.9 m.kr., þar af 7.3 m.kr. vegna byggingarframlaga, en auk þess verður mikil nemendafjölgun í skólunum við Hamrahlíð og á Laugarvatni haustið 1967. Kostnaður við rekstur Kennaraskólans hækkar um 4.4 m.kr., einkum vegna þess, að haustið 1967 verða teknar inn sex nýjar bekkjardeildir. Loks hækka framlög til styrktar íslenskum námsmönnum um 5.5 m.kr. Hins vegar verður lækkun á byggingarframlögum til Raunvísindastofnunar Háskólans, 1.0 m.kr. og Handritastofnunar Íslands, 3.0 m.kr.

**Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi.** Þessi málefnaflokkur sýnir 0.8 m.kr. lækkun, og er þar þyngst á metunum lækkun á byggingarframlagi til norræns húss í Reykjavík, 1.5 m.kr. Þar á móti hækkar framlag til tónlistarskóla um 1.0 m.kr. Nettólækkun á öðrum liðum er 0.3 m.kr.

**02 Utanríkisráðuneytið.** Málefnaflokkar, sem heyra undir þetta ráðuneyti, breytast sem hér segir:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun .....	1.3
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli, hækkun .....	0.9
Sendiráð, hækkun .....	1.6
Alþjóðastofnanir, lækkun .....	2.9

Heildarhækkun 0.9

**Yfirstjórn.** Sjá skýringar á kostnaði við Stjórnarráðið aftar í þessari greinargerð.

**Lögreglustjórnin á Keflavíkurflugvelli.** Þessi liður hækkar um 0.9 m.kr. vegna aukinnar tollgæzlu á Keflavíkurflugvelli.

**Sendiráð.** Kostnaður við sendiráðin hækkar um 1.6 m.kr., einkum vegna nýrrar sendinefndar hjá NATO í Brüssel, en á móti kemur lækkun á sendiráðinu í París og hjá sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

**Alþjóðastofnanir.** Framlög til alþjóðastofnana lækka um 2.9 m.kr. Framlag vegna heimssýningar, 4.0 m.kr., fellur út, en hækkar til nokkurra stofnana, t. d. I.D.A. um 1.0 m.kr.

**03 Atvinnumálaráðuneytið.** Eftirfarandi breyting verður á framlögum til einstakra málefnaflokka, er heyra undir þetta ráðuneyti:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun .....	2.3
Annað tengt yfirstjórn, lækkun .....	0.5
Búnaðarmál, hækkun .....	13.1
Útvegsmál, hækkun .....	213.8
Raforkumál, lækkun .....	1.1
Annað, hækkun .....	1.4

Heildarhækkun 229.0

**Yfirstjórn.** Sjá skýringu á kostnaði við Stjórnarráðið aftar í þessari greinargerð.

**Annað tengt yfirstjórn.** Hér er um að ræða jarðeignir ríkisins, framlög og jarðeignasjóð ríkisins, og lækkar fyrrnefndi liðurinn eingöngu vegna almennrar 10% lækkunar fjárfestingarframlaga, þannig að ekki er um raunverulega lækkun að ræða.

**Búnaðarmál.** Heildarhækkun framlaga til búnaðarmála nemur 13.1 m.kr., þar at 10.0 m.kr. til framleiðnisjóðs landbúnaðarins, 1.0 m.kr. til jarðræktar og húsa-gerðarsamþykktar og 1.8 m.kr. til embættis yfirdýralæknis vegna búfjársjúkdóms (hringskyrfis). Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, framlög til Landnáms ríkisins, jarðræktar og framræslu og til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eru óbreytt frá fjárlögum 1967.

**Útvegsból.** Framlög til útvegsból hækka í heild um 213.8 m.kr. Sú hækkun er fyrst og fremst fólgin í framlögum til verðjöfnunar á sjávarafurðum, 100.0 m.kr., og til uppbóta á fiskverð, 100.0 m.kr., sem ákveðin voru með sérstökum lögum eftir að fjárlög ársins 1967 höfðu verið samþykkt, þannig að ekki er gert ráð fyrir aukningu raunverulegra greiðslna úr ríkissjóði frá árinu 1967. Þá hækka framlög til aflatryggingasjóðs um 2.0 m.kr. og til Fiskveiðisjóðs Íslands um 9.0 m.kr. Loks hækkar framlag til Hafrannsóknastofnunarinnar um 2.4 m.kr. vegna aukinnar starfsemi í sambandi við komu nýs fiskileitarskips og til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um 1.0 m.kr. Hins vegar lækkar framlag til verðlagsráðs sjávarútvegsins um 1.7 m.kr., þar sem gert er ráð fyrir, að kostnaður við starfsemina greiðist framvegis úr Fiskimálasjóði.

**Raforkumál.** Lækkunin, sem fram kemur á þessum lið, 1.1. m.kr., er ekki raunhæf með tilliti til 10% almennrar lækkunar á fjárfestingarframlögum á yfirstandandi ári.

**Annað.** Hér er um að ræða skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna, lög-gildingarstofnana, verzlunarskóla o. fl. Heildarhækkun á liðnum nemur 1.4 m.kr., þar af 1.0 m.kr. vegna skrifstofu rannsóknastofnanna, sem flyzt í nýtt húsnæði á Keldnaholti, og 0.4 m.kr. vegna verzlunarskóla.

**04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.** Málefnaflokkar, sem tilheyra þessu ráðuneyti, breytast þannig:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun .....	4.2
Dómgæzla, lögreglumál o. fl., hækkun .....	26.1
Heilbrigðismál, hækkun .....	14.0
Þjóðkirkjan, lækkun .....	1.4
Annað, lækkun .....	0.3

Heildarhækkun 42.6

**Yfirstjórn.** Sjá skýringar á kostnaði við Stjórnarráðið hér á eftir.

**Dómgæzla, lögreglumál o. fl.** Hækkun á þessum lið nemur 26.1 m.kr., þar af eru 6.5 m.kr. óraunhæfar, vegna þess að tekjur sýslumanna frá Tryggingastofnun ríkisins, sem nema þessari upphæð, voru dregnar frá útgjöldum embættanna í fjárlögum 1967, en eru það ekki í þessu frumvarpi. (Hliðstæðar tekjur eru látnar koma til frádráttar framlagi ríkissjóðs til Tryggingastofnunar ríkisins í þessu frumvarpi). Raunveruleg hækkun á þessum lið er því 19.6 m.kr., sem kemur fram í því, að nettókostnaður, sem fellur á árið 1968 vegna hægri umferðar, nemur 16.6 m.kr., framlög til löggæzlu hækka um 8.4 m.kr., þar af 4.0 m.kr. til löggæzlu sveitarfélaga og 3.4 m.kr. til borgar- og ríkislögreglu í Reykjavík, ýmis kostnaður við dómsmál hækkar um 2.4 m.kr., kostnaður við embætti lögreglustjórans í Reykjavík hækkar um 1.9 m.kr. og rekstrarkostnaður við embætti sýslumanna og bæjarfógeta hækkar um 0.8 m.kr. Hins vegar lækkar rekstrarkostnaður landhelgisgæzlu um 7.1 m.kr. vegna fyrirhugaðrar endurskipulagningar á starfsemi, sbr. athuga-

semdir við einstaka liði frumvarpsins hér á eftir, og auk þess fellur niður afborgun vegna „Óðins“, 3.4 m.kr., en síðasta afborgunin fór fram 1967.

Heilbrigðismál hækka um 14.0 m.kr. frá fjárlögum 1967. Heildarhækkun framlaga til ríkisspítala nemur 3.8 m.kr., byggingarframlög til sjúkrahúsa og lækni- bústaða hækka um 7.2 m.kr. vegna aukningar á framlagi til borgarsjúkrahúss, og aðrir liðir hækka um samtals 3 m.kr.

Þjóðkirkjan. Lækkunin, sem fram kemur á þessum lið, 1.4 m.kr., stafar af almenntri lækkun fjárfestingarframlaga árið 1967, þannig að ekki er um raunverulega heildarlækkun að ræða.

05 Félagsmálaráðuneytið. Breyting á málefnaflokkum, sem tilheyra þessu ráðuneyti, eru sem hér segir:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun .....	2.2
Almannatryggingar, lækkun .....	15.1
Ýmis félagsmál, hækkun .....	15.0

Heildarhækkun 2.1

Yfirstjórn. Sjá skýringar á kostnaði við Stjórnarráðið hér á eftir.

Almannatryggingar. Heildarframlag til Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs er 1 383.9 m.kr., þar af tryggingaiðgjöld 494.9 m.kr. Beint framlag ríkissjóðs er því 889.0 m.kr., en það er 15.1 m.kr. lægra en á fjárlögum 1967. Þessi lækkun skýrist þannig, að greiðsla Tryggingastofnunar til sýslumanna, 6.5 m.kr., kemur til frádráttar á framlagi ríkissjóðs, fjárlagatala 1967 inniheldur skuld frá fyrri árum 51.3 m.kr., en á móti koma eðlilegar hækkunir vegna fjölgunar hinna tryggðu, tryggðra vinnuvikna o. fl. 18.0 m.kr., aukning framlags til sjúkra- trygginga vegna hækkaðs daggjalds 9.7 m.kr. og loks 15.0 m.kr. vegna þátttöku verzlunarmanna í atvinnuleysistryggingum.

Ýmis félagsmál. Framlög hækka um 15.0 m.kr., þar af til ríkisframbærslu 7.2 m.kr., en þá eru daggjöld samræmd við 500 kr. gjald á Landspítala, til Byggingar- sjóðs verkamanna 6.3 m.kr. og nettóhækkun til ýmissa annarra félagsmála nemur 1.5 m.kr.

06 Fjármálaráðuneytið. Málefnaflokkar, sem tilheyra fjármálaráðuneytinu, breytast sem hér segir frá fjárlögum 1967:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun .....	9.3
Toll- og skattheimta, hækkun .....	8.1
Annað, hækkun .....	35.4

Heildarhækkun 52.8

Yfirstjórn. Sjá skýringar á kostnaði við Stjórnarráðið hér á eftir.

Toll- og skattheimta. Kostnaður við álagningu og innheimtu tolla og skatta hækkar um 8.1 m.kr., þar af 6.5 m.kr. vegna embættis ríkisskattstjóra og skattstofa, en þessar stofnanir höfðu verið vanáætlaðar í fjárlögum 1967, og heildarhækkun á öðrum liðum nemur 1.6 m.kr.

Annað. Heildarhækkun á þessum málefnaflokki nemur 35.4 m.kr., þar af 25.0 m.kr. á framlagi til Ríkisábyrgðasjóðs, 4.7 m.kr. vegna vaxtagreiðslna, sem voru færðar á 7. gr. fjárlaga 1967, 3.0 m.kr. til lífeyrissjóða vegna eðlilegra hækkaná á launagreiðslum og 2.0 m.kr. vegna kaupa á dagblöðum, sem er nýr liður.

07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið. Breytingar framlaga til málefna- flokka, er tilheyra þessu ráðuneyti, eru sem hér segir:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun .....	1.6
Samgöngumál, hækkun .....	35.1
Iðnaðarmál, hækkun .....	2.3

Heildarhækkun 39.0

**Yfirstjórn.** Sjá skýringar á kostnaði við Stjórnarráðið hér á eftir.

**Samgöngumál.** Framlög til samgöngumála hækka um 35.1 m.kr., þar af 10.6 m.kr. til hafna, en sé tekið tillit til almennrar lækkunar á fjárfestingarframlögum árið 1967 er raunveruleg hækkun til hafnamála 14.1 m.kr., sbr. athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins hér á eftir. Þá hækka framlög til flugmála um 9.8 m.kr., einkum vegna afborgana og vaxta, 8.5 m.kr., sem ekki voru tekin á fjárlög 1967 (sjá skýringar við lið 07 171). Loks er gert ráð fyrir 15.0 m.kr. beinu framlagi til vegamála.

**Iðnaðarmál.** Þessi málefnaflokkur hækkar um 2.3 m.kr., en nýtt framlag er tekið upp vegna aðstoðar við endurskipulagningu og sameiningu iðnfyrirtækja, 1.2 m.kr. Auk þess hækkar framlag til Rannsóknastofnunar iðnaðarins um 0.6 m.kr. vegna tækjakaupa.

08 Viðskiptaráðuneytið. Helztu breytingar á málefnaflokkum, sem tilheyra viðskiptaráðuneytinu eru þessar:

	M.kr.
Yfirstjórn, hækkun .....	1.1
Niðurgreiðslur, lækkun .....	188.7
Annað, hækkun .....	0.6

Heildarlækkun 187.0

**Yfirstjórn.** Sjá skýringar á kostnaði við Stjórnarráðið hér á eftir.

**Niðurgreiðslur.** Lækkun frá þeirri upphæð, sem er í fjárlögum 1967, nemur 188.7 m.kr., og er lækkun niðurgreiðslna liður í ráðstöfunum til að skapa jöfnuð í fjármálum ríkisins á árinu 1968.

09 Hagstofa Íslands, lækkun 0.1 m.kr. og

10 Ríkisendurskoðun, hækkun 2.7 m.kr. — sjá skýringar á kostnaði við Stjórnarráðið hér á eftir.

### Kostnaður við Stjórnarráðið.

#### Samanburður fjárlagafrumvarps 1968 og fjárlaga 1967.

	Heildarútgjöld:	
	Frumvarp 1968	Fjárlög 1967
	þús. kr.	þús. kr.
01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið .....	9 107	2 130
02 Utanríkisráðuneytið .....	12 369	11 026
03 Atvinnumálaráðuneytið .....	4 221	1 863
04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið .....	6 282	2 118
05 Félagsmálaráðuneytið .....	4 063	1 877
06 Fjármálaráðuneytið .....	10 590	2 413
07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið .....	2 692	1 059
08 Viðskiptaráðuneytið .....	3 157	2 086
09 Hagstofa Íslands .....	6 942	7 087
10 Ríkisendurskoðun .....	7 737	5005

		Heildarútgjöld:		
		Frumvarp 1968	Fjárlög 1967	
		þús. kr.	þús. kr.	
06	102	Ríkisbókhald .....	6 753	5 653
06	901	Símkostnaður og kaup á sírstöð .....	3 900	2 750
		Óviss útgjöld .....	10 000	10 000
Liðir, sem eru óskiptanlegir í fjárl. 1967:				
		Aðrir starfsmenn Stjórnarráðs .....	2 036	
		Annar kostnaður ráðuneyta .....	9 000	
		Kostnaður við alþjóðaráðstefnur .....	1 000	
		Kostnaður við embættiseftirlitsferðir .....	100	
		Sameiginlegur kostnaður (11. gr. C) .....	2 000	
		Óviss útgjöld .....	10 000	
		Viðhald Stjórnarráðshúss, Arnarhvals og ráðherrabúst. ....	1 500	
				25 636
Samtals		87 813	80 703	

Yfirlitið leiðir í ljós, að áætlaður kostnaður við Stjórnarráðið hækkar um 7.1 m.kr. frá fjárlögum 1967. Hins ber þó að gæta, að þeim kostnaði ráðuneytanna, sem áður var áætlaður vegna óvissra útgjalda, hefur verið skipt á einstök ráðuneyti í fjárlagafrumvarpi 1968, en auk þess hefur verið tekinn inn sérstakur liður, óviss útgjöld, að upphæð 10.0 m.kr. og færður undir fjármálaráðuneytið. Er þessum lið ætlað að vera til taks, ef algjörlega ófyrirséð atvik ber að höndum. Með tilliti til þess má segja, að áætlaður heildarkostnaður við ráðuneytin lækki um 2.9 m.kr. í fjárlagafrumvarpi ársins 1968.

#### Tekjuhlíð.

Heildartekjur á rekstrarreikningi frumvarpsins nema 6 195.3 m.kr. Þar af renna 1 222.3 m.kr. til ákveðinna aðila skv. lögum eða heimildum, og eru þessir skattar og gjöld sýnd á sérstöku yfirliti á bls. 105 og 107, þar sem einnig er sýnt, hvert þau renna. Að þessum sköttum og gjöldum frátöldum eru tekjur á rekstrarreikningi 4 973.0 m.kr., en það er 267.7 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1967. Þess má geta, að tekjuáætlunin hefur í ríkara mæli en áður verið byggð á heildaráætlun um þjóðhagsþróunina á næsta ári. Verður nú gerð grein fyrir veigamestu breytingum einstakra skatta og gjalda.

**Eignarskattar.** Skv. frumvarpinu hækka tekjur af eignarskatti um 68.4 m.kr., þar af eignarskattur einstaklinga um 50.2 m.kr. og eignarskattur félaga um 18.2 m.kr. Auk eðlilegrar eignaaukningar á hækkunin rætur að rekja til hækkunar fasteignamats, sem gerð er grein fyrir í upphafi þessara athugasemda.

**Tekjuskattar.** Áætluð hækkun tekjuskatts er 8.6 m.kr., sem kemur þannig fram, að tekjuskattur einstaklinga hækkar um 14.1 m.kr., en tekjuskattur félaga lækkar um 5.5 m.kr. Þessi áætlun er byggð á 2.5% lækkun þjóðartekna á mann, 2% fjölgun gjaldenda, en hærri innheimtuhlutfalli.

**Gjöld af innflutningi.** Aðflutningsgjöld eru áætluð 50.8 m.kr. lægri en í fjárlögum 1967, og stafar þessi lækkun af áætlaðri lækkun á verðmæti útflutningsafurða og þjóðartekna. Þannig er almennur innflutningur áætlaður 2% minni en 1967, og auk þess er gert ráð fyrir nokkurri lækkun meðaltolls. Af hliðstæðum orsökum er áætlað, að gjald af bifreiðum og bifhjólum lækki um 14.9 m.kr.

**Gjöld af framleiðslu.** Gjöld af innlendum tollvörum eru áætluð 2.0 m.kr. hærri en í fjárlögum 1967.



**Gjöld af seldum vörum og þjónustu.** Tekjur af söluskatti eru áætlaðar 2.9 m.kr. hærri en í fjárlögum 1967 vegna vikkunar álagsgrundvallar og lækkunar niðurgreiðslna, eins og gerð er grein fyrir í upphafi þessara athugasemda, en hrein velta er áætluð 1.4% minni en á árinu 1967. Rekstrarhagnaður ÁTVR, sem skilað er í ríkissjóð, er áætlaður 127.4 m. kr. hærri en í fjárlögum yfirstandandi árs, og kemur hér til sú hækkun útsöluverðs, sem áður er gerð grein fyrir. Farmiðaskattur er nýr skattur, sem áður hefur verið ræddur, og eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af skattinum 60.0 m.kr.

**Aðrir óbeinir skattar.** Í þessum flokki skatta eru ýmsir skattar, sem ekki hafa verið sýndir áður í fjárlögum sem slíkir, og auk þess er gerð mun nákvæmari sundurliðun á öðrum. Meðal hinna fyrrnefndu eru skoðunar- og skrásetningargjöld bifreiða og prófgjöld bifreiðastjóra, samtals 13.7 m.kr., sem nú hafa áhrif til hækkunar á heildartekjum, en áður voru þessir skattar látnir jafna kostnað við bifreiðaeftirlit ríkisins gjaldamegin á rekstrarreikningi. Hið sama á við um skipulagsgjald, sem stendur undir kostnaði við embætti skipulagsstjóra, 6.8 m.kr. Tekjur ríkissjóðs af umboðspóknun og gengismun viðskiptabankanna og gjaldeyrisskatti eru áætlaðar samtals 3.5 m.kr. hærri en í fjárlögum 1967.

**Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta.** Hér er um að ræða hagnað af ríkisfyrirtækjum og stofnunum öðrum en ÁTVR, sem færður er undir annan flokk skatta, og nemur hækkunin frá fjárlögum 1967 31.5 m.kr. Þar eru þyngstar á metunum arðgreiðslur frá pósti og síma, 20.0 m.kr., flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli, 8.9 m.kr. og friðhöfninni á Keflavíkurflugvelli, 2.4 m.kr.

**Ýmsar tekjur.** Mikilvægustu breytingar, sem verða á þessum lið, eru hækkun vaxtatekna og arðs af hlutabréfum um samtals 14.0 m.kr., en tekjur þessar voru mjög vanáætlaðar í fjárlögum 1967. Á hinn bóginn lækka áætlaðar tekjur af sektum og upptækum vörum til ríkissjóðs um 6.0 m.kr.

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

#### 00 Æðsta stjórn ríkisins.

- 100 **Embætti forseta Íslands.** Þessi liður lækkar um 628 þús. kr. frá fjárlögum 1967, og stafar sú lækkun af því, að framlag til bókhlöðu á Bessastöðum, 400 þús. kr., og stofnkostnaðarframlag til Bessastaðabús, 370 þús. kr., falla út, en hins vegar hækka ýmsir kostnaðarliðir um samtals 142 þús. kr.
- 200 **Alþingi.** Liðurinn lækkar um 890 þús. kr. frá fjárlögum 1967, og hefur verið farið eftir tillögum frá skrifstofu Alþingis.

#### 01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Sjá skýringar á bls. 127.
- 102 **Efnahagsstofnunin.** Hækkun á þessum lið nemur 300 þús. kr., og er hér um að ræða þriðja hluta kostnaðar við rekstur stofnunarinnar, sem borinn er af ríkissjóði. Orsakir þessarar hækkunar eru vikkað starfssvið, aukin notkun skýrsluvéla og aukning húsaleigukostnaðar, en stofnunin flutti í stærra húsnæði síðara hluta ársins 1967.
- 103 **Byggingarsjóður stjórnarráðshúss.** Framlagið er lækkað um um 160 þús. kr. frá þeirri tölu, sem stóð í fjárlögum 1967. Sú tala er þó óraunhæf, þar sem ákveðin var 10% lækkun fjárfestingarframlaga eftir að fjárlög 1967 höfðu verið samþykkt, þannig að raunverulega er ekki um breytingu að ræða.
- 199 **Ýmislegt.** Undir þennan lið heyra sex viðfangsefni. Fræðileg rannsókn á skóla-kerfinu. Fjárveiting 1967 til þessa liðar var 800 þús. kr., en laun forstöðumanns, 213 þús. kr., voru færð á launalið menntamálaráðuneytisins. Raunveruleg hækkun á fjárlögum er því 268 þús. kr., sem stafar af auknum rannsóknnum. Málnefnd, nýyrðasöfnun o. fl. lækkar um 25 þús. kr. Ritun og útgáfa sögu Stjórnarráðsins er óbreytt frá fjárlögum 1967. Byggingardeild mennta-

málaráðuneytisins er nýr liður, en í lögum nr. 49/1967 um skólakostnað er gert ráð fyrir, að stofnuð verði sérstök byggingardeild, er annist undirbúning að byggingu skólamannvirkja og eftirlit með byggingarframkvæmdum. Gert er ráð fyrir, að byggingareftirlitsmenn skóla verði starfsmenn deildarinnar. Til umbóta og viðhalds á Stjórnarráðshúsinu er gert ráð fyrir 500 þús. kr. framlagi vegna þakviðgerðar á Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg. Kaup og endurbætur á Viðeyjarstofu er nýr liður vegna væntanlegra kaupa á umræddri eign og landsspildu í Viðey, svo og ýmissa umbóta á eigninni.

Heildarhækkun á þessum lið er 11 211 þús. kr., sem kemur þannig fram: Fræðileg rannsókn á skólakerfinu 268 þús. kr., byggingardeild 468 þús. kr., umbætur og viðhald Stjórnarráðshúss 500 þús. kr., kaup og endurbætur á Viðeyjarstofu 10 000 þús. kr., en málnefnd, nýyrðasöfnun o. fl. lækkar um 25 þús. kr.

- 201 Háskóli Íslands. Þessi liður hækkar um 3 099 þús. kr., og stafar sú hækkun einkum af kennarafjölgun í samræmi við kennaraáætlun og aukinni stundakennslu.
- 202 Tilraunastöð Háskólans á Keldum. Hækkun á þessum lið er 953 þús. kr. frá fjárlögum 1967, m. a. vegna ráðningar nýs forstöðumanns og eðlilegra tilfærslna milli launaflokka. Að öðru leyti hækkar kostnaðar- og tekjuáætlun vegna vanáætlunar fyrri ára.
- 203 Raunvísindastofnun Háskólans. Lækkun á þessum lið, 1 000 þús. kr., kemur fram í lækkuðu byggingarframlagi, þar sem byggingu húss fyrir starfsemi stofnunarinnar er lokið.
- 205 Handritastofnun Íslands. Lækkun á þessum lið nemur 3 008 þús. kr., sem stafar af lækkuðu byggingarframlagi um 3 200 þús. kr., en á móti hækkar launaliður vegna starfsmanns um 192 þús. kr. Laun hans voru færð á annan lið fjárlaga yfirstandandi árs.
- 208 Náttúrfræðistofnun Íslands. Kostnaður vegna sýningarsalar, sem tekinn hefur verið í notkun í nýju húsnæði stofnunarinnar, nemur 295 þús. kr.
- 210 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna. Hér er um að ræða nýjan lið, en í sjóðinn rennur hluti af hagnaði Happraettis Háskóla Íslands (20%), og er upphæðin, 3 600 þús. kr., færð til tekna á rekstrarreikningi fjárlagafrumvarps.
- 211 Menntaskólinn í Reykjavík. Áætlað framlag hækkar um 1 389 þús. kr., sem stafar af því, að vextir, 654 þús. kr., eru nú færðir til gjalda, endurnýjun á lestrarsal nemur 300 þús. kr. og afgangurinn stafar af hækkun annarra rekstrargjalda, sem voru vanáætluð í fjárlögum 1967.
- 212 Menntaskólinn á Akureyri. Hækkun á þessum lið nemur 1 061 þús. kr., þar af 690 þús. kr. vegna aukinnar stundakennslu og aukins ræstingarkostnaðar og 371 þús. kr. vegna ýmissa annarra kostnaðarliða.
- 213 Menntaskólinn á Laugarvatni. Hækkun á þessum lið nemur 2 469 þús. kr., þar af 1 900 þús. kr. vegna hækkaðs byggingarframlags og afgangurinn vegna aukins nemendafjölda.
- 214 Menntaskólinn við Hamrahlíð. Hækkun er 7 270 þús. kr., sem stafar af hækkun byggingarframlags um 5 700 þús. kr., vaxtagreiðslu, sem nú er tekin upp í frumvarpið, 868 þús. kr., og loks verður mikil aukning á starfseminni, þar sem nýr árgangur verður tekinn í skólann haustið 1967.
- 215 Kennaraskólinn. Rekstrarkostnaður við skólann hækkar um 3 276 þús. kr., aðallega vegna þess, að haustið 1967 verða teknar inn sex nýjar bekkjadeildir, en auk þess er gert ráð fyrir 1 169 þús. kr. vaxtagreiðslu, sem færð var á 7. grein fjárlaga 1967. Byggingarframlag, sem var 5 000 þús. kr. á fjárlögum 1967, en varð 4 500 þús. kr. vegna 10% almennrar lækkunar fjárfestingarframlaga, er tekið út af þessum lið, en í stað þess er tekið upp sérstakt byggingarframlag, 5 700 þús. kr., til Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraskólans (218).

- 221 **Fræðslumálaskrifstofan.** Hækkun á þessum lið, 900 þús. kr., stafar einkum af aukningu framlaga til almenningsbókasafna, framkvæmdar sundskyldu í skólum og framlagi til fræðslumyndasafns ríkisins, sem er nýr liður skv. lögum nr. 49/1967.
- 223 **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Þessi liður lækkar um 385 þús. kr. frá fjárlögum 1967. Af þessari upphæð er 200 þús. kr. lækkun á byggingarframlagi ekki raunveruleg sökum 10% almennrar lækkunar slíkra framlaga. Framlag til lagningar íþróttavallar lækkar um 300 þús. kr., en hrein hækkun á ýmsum öðrum kostnaðarliðum er 115 þús. kr.
- 224 **Heyrnleysingjaskólinn.** Framlag lækkar um 714 þús. kr., og kemur sú lækkun þannig fram, að byggingarframlag, 300 þús. kr., fellur út, en afgangurinn skýrist af lækkun á viðhaldskostnaði, þar sem í fjárlögum 1967 var sérstök fjárveiting til endurbóta á skólahúsinu. Á móti þessu kemur nokkur hækkun á einstökum kostnaðarliðum í sambandi við kennsluna.
- 231 **Húsmæðrakennaraskóli Íslands.** Þessi liður lækkar um 375 þús. kr., en á fjárlögum 1967 var sérstök fjárveiting að upphæð 385 þús. kr. vegna ráðskonudeildar. Kennsla í þeirri deild fór hins vegar ekki fram vegna ónógrar þátttöku, og á því umrædd upphæð að vera fyrir hendi.
- 241 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Hækkun á liðnum nemur 1 165 þús. kr., sem stafar einkum af hækkun launagreiðslna, þ. á m. námslaun hjúkrunarnema, en þeim fjölgar verulega haustið 1967. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 190 þús. kr. vegna malbikunar á lóð skólans.
- 242 **Vélskólinn.** Hækkun 1 287 þús. kr. Þetta er að verulegu leyti kostnaður, sem fallinn er á 1967 og stafar af vanáætluðum greiðslum vegna stundakennslu og breytingu húsnæðis fyrir smiðakennslu, sem tekin verður upp.
- 243 **Tækniskólinn.** Liðurinn lækkar um 1 016 þús. kr., sem stafar af húsakaupum.
- 244 **Iðnskólar.** Framlag til iðnfræðslunnar lækkar um 1 097 þús. kr., vegna fjölgunar iðnnema og aukinnar fræðslu í nokkrum skólum sökum tengsla við tækniskóla.
- 259 **Héraðsskólar almennt.** Á þessum lið kemur fram 1 200 þús. kr. lækkun, sem er vegna viðhalds. Þessi lækkun er þó að mestu óraunhæf með tilliti til þess, að tekið er inn sérstakt 1 100 þús. kr. framlag til greiðslu skuldar vegna viðhalds héraðsskólans á Laugarvatni. Byggingarframlög eru óbreytt frá fjárlögum 1967, en með tilliti til almennrar lækkunar framlaganna árið 1967 er raunverulega um 1 540 þús. kr. hækkun að ræða.
- 298 **Gagnfræðamenntun.** Framlag til gagnfræðamenntunar lækkar um 15 158 þús. kr. Til rekstrar er ætlað 135 170 þús. kr., sem er 15 430 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1967, og til bygginga utan Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Kópavogs og Akraness 8 303 þús. kr., en það er 272 þús. kr. lækkun frá fjárlögum ársins 1967. Hins vegar hækka raunveruleg framlög um 530 þús. kr., sé miðað við 10% lækkun á fjárlagatölum 1967. Hækkun rekstrarkostnaðarins stafar af eðlilegri nemendafjölgun og auknu viðhaldi.
- 329 **Barnafræðslan.** Heildarframlag til barnafræðslu er 310 484 þús. kr., þar af 89 362 þús. kr. til bygginga. Hækkunin er 13 655 þús. kr., sem skiptist þannig, að rekstrarkostnaður eykst um 18 551 þús. kr., en byggingaframlög lækka aftur á móti um 4 896 þús. kr. Miðað við 10% almenna lækkun fjárfestingarframlaga 1967 hækka þó slík framlög um 4 529 þús. kr. Hækkun rekstrarkostnaðar stafar af eðlilegri nemendafjölgun, auknu viðhaldi og breyttu skólalaldi, þ. á m. lengingu skólatíma, afnámi farskóla og auknum flutningi nemenda.
- 332 **Vistheimilið í Breiðuvík.** Lækkun á þessum lið nemur 190 þús. kr., sem skýrist af hækkunum tekjum heimilisins um sömu upphæð.
- 333 **Félagsheimilásjóður.** Liður þessi er nýr í fjárlagafrumvarpi, en á hann er færður hluti sjóðsins af skemmtanaskatti, 7 500 þús. kr.

- 334 Íþróttasamband Íslands. Á þennan lið er færður hluti sambandsins af gjaldi af seldum vindlingum, 3 100 þús. kr., auk beins framlags úr ríkissjóði, 500 þús. kr.
- 401 Náms- og fræðimenn, framlög. Heildarhækkun á þessum lið nemur 5 331 þús. kr. Af þeirri upphæð eru 5 479 þús. kr. til styrktar íslenskum námsmönnum. Til leiðbeininga námsmanna um val á námsefni er nýr liður að upphæð 207 þús. kr. Á móti þessu kemur lækkun á nokkrum liðum svo sem viðhaldi nýja stúdentagarðsins, 100 þús. kr., framlagi til félagsheimilis stúdenta, 100 þús. kr., sem þó er ekki raunveruleg lækkun, sökum 10% almennrar lækkunar 1967, og niður falla framlög til kaupa á húsnæði fyrir stúdenta í París, 105 þús. kr., og rannsóknir á félagslegum högum stúdenta, 50 þús. kr.
- 403 Ríkisútgáfa námsbóka. Framlag óbreytt, þegar afborganir og vextir af lánum vegna húsa kaupa eru talin með.
- 404 Menningarsjóður, framlag. Þetta er nýr liður og á hann fært miðgjalld 4 400 þús. kr. og sektir og upptækar vörur 1 500 þús. kr. Þessar tekjur eru færðar á rekstrarreikning fjárlagafrumvarps.
- 501 Norræn samvinna. Liðurinn lækkar um 1 308 þús. kr., sem stafar af því, að byggingarframlag til norræns húss í Reykjavík lækkar um 1 500 þús. kr., en á móti kemur nýr liður til menningarsjóðs Norðurlanda, 187 þús. kr. Aðrir liðir eru að mestu óbreyttir.
- 601 Landsbókasafn. Framlag hækkar um 201 þús. kr. vegna afmælis safnsins árið 1968.
- 602 Þjóðminjasafnið. Hækkunin, 200 þús. kr., er vegna nauðsynlegra endurbóta og viðhalds á húsnæði.
- 701 Listir, framlög. Hækkunin, 2 470 þús. kr., stafar af auknum framlögum til tónlistarskóla, 1 000 þús. kr., og hlutdeild símfóníuhljómsveitar í skemmtana-skatti, 1 500 þús. kr., sem á móti er færð til tekna, en þessi liður var ekki tekinn á fjárlögum 1967. Hins vegar fellur niður framlag til sýningar á íslenzkri alþýðulist í Hamborg.
- 704 Þjóðleikhús. Framlög hækka um 7 500 þús. kr., sem er hluti af skemmtana-skatti, en liður þessi er færður til tekna á rekstrarreikningi frumvarpsins.
- 705 Ríkisútlarp, sjónvarp. Aðflutningsgjöld. Hér er um að ræða áætlað aðflutningsgjald af sjónvarpstækjum, 20 000 þús. kr., sem rennur til stofnunarinnar skv. sérstökum lögum. Upphæðin er færð til tekna á rekstrarreikningi frumvarpsins.
- 991 Náttúruverndarráð. Þessi liður er óbreyttur frá fjárlögum 1967, þegar tillit er tekið til afborgana og vaxta af láni.

## 02 Utanríkisráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Sjá skýringar á bls. 127.
- 102 Varnarmáladeild. Sjá skýringar á bls. 127.
- 103 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli. Hækkunin, 872 þús. kr., stafar af fjölgun starfslíðs vegna tollgæzlunnar á Keflavíkurflugvelli.
- 201 Sendiráðið í Bonn. Þessi liður hækkar um 448 þús. kr., sem stafar af auknu viðhaldi vegna þess að skipta þarf um þak á byggingu sendiráðsins svo og af kaupum á bifreið.
- 203 Sendiráðið í London. Framlag til sendiráðsins lækkar um 318 þús. kr., en í fjárlögum 1967 var fjárveitingin miðuð við sérstakar endurbætur á sendiráðinu og kaup á bifreið.
- 206 Sendiráðið í París. Þessi liður lækkar um 1 650 þús. kr., en hluti af starfsemiinni flyzt til Brüssel.
- 211 Sendinefnd Íslands hjá NATO, Brüssel. Hér er um nýjan lið að ræða, en ákveðið var á árinu 1967 að koma á fót sérstakri sendinefnd í Brüssel, þegar

höfuðstöðvar NATO voru fluttar þangað. Heildarkostnaður við rekstur sendinefndarinnar er áætlaður 3 845 þús. kr. árið 1968.

- 300 **Alþjóðastofnanir.** Liðurinn lækkar um 2 878 þús. kr. Lækkunin kemur þannig fram, að framlög vegna heimssýningar, 4 000 þús. kr., og vegna alþjóðaflóttamannasöfnunarinnar, 600 þús. kr., falla út, en á móti hækka eftirtaldir liðir: Tillag til S. Þ. 100 þús. kr., til Evrópuráðsins 60 þús. kr., til alþjóðakjarnorkumálastofnunar 55 þús. kr., til þingmannasambands NATO 60 þús. kr., til I. L. O. 180 þús. kr., til alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 212 þús. kr., til I. D. A. (nýr liður) 968 þús. kr., og nokkrir aðrir liðir hækka um samtals 87 þús. kr.

### 03 Atvinnumálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Sjá skýringar á bls. 127.
- 201 **Búnaðarfélag Íslands.** Hækkunin, 252 þús. kr., stafar fyrst og fremst af því, að í fjárlögum 1967 hafði ekki verið gert ráð fyrir hækkun ýmissa launaliða, sem svaraði eðlilegri verðlagsuppbót.
- 205 **Veiðistjóri.** Aukning á framlagi til eyðingar refa og minka nemur 100 þús. kr.
- 206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Þessi liður lækkar um 390 þús. kr., vegna þess að ráðinn hefur verið nýr sérfræðingur að stofnuninni svo og bílstjóri, en stofnunin flytur í nýtt húsnæði á Keldnaholti haustið 1967.
- 217 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Á þessum lið verður 204 þús. kr. lækkun, sem kemur þannig fram, að gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 657 þús. kr., en á móti hækka laun um 303 þús. kr., einkum vegna lengingar framhaldsdeildar um eitt ár, og halli á rekstri búsins er áætlaður 150 þús. kr.
- 218 **Bændaskólinn á Hólum.** Liðurinn lækkar um 837 þús. kr., þannig að byggingarframlag lækkar um 970 þús. kr., en á móti kemur lækkun á nokkrum rekstrarliðum, samtals 133 þús. kr.
- 219 **Garðyrkjuskólinn á Reykjum.** Liðurinn sýnir lækkun um 237 þús. kr., þar af 200 þús. kr. lækkun á byggingarframlagi, sem þó er óraunhæft með tilliti til 10% almennrar lækkunar slíkra framlaga á yfirstandandi ári.
- 228 **Húsmæðraskólar utan kaupstaða, almennt.** Sú lækkun, sem fram kemur á þessum lið við samanburð við fjárlög 1967, 625 þús. kr., er óraunhæf, þar sem hér kemur til hin almenna lækkun á byggingarframlögum, sem gerð var á árinu 1967.
- 231 **Landgræðslusjóður, framlag.** Hér er um að ræða nýjan lið, og er færður á hann hluti gjalds af seldum vindlingum, 3 800 þús. kr., en upphæðin er færð til tekna á rekstrarreikningi frumvarpsins.
- 235 **Landgræðsla.** Liðurinn lækkar um 408 þús. kr. vegna almennrar lækkunar fjárfestingarframlaga 1967, þannig að ekki er um raunverulega lækkun að ræða.
- 243 **Sauðfjárveikivarnir.** Liðurinn lækkar um 1 355 þús. kr. vegna minni áætlaðrar starfsemi á árinu 1968.
- 245 **Landbúnaður, framlög.** Hækkun á þessum lið nemur 13 048 þús. kr. vegna nýs liðar, framleiðnisjóðs landbúnaðarins, 10 000 þús. kr., jarðræktar- og húsaagerðarsamþykkt, 950 þús. kr., og framlags til búfjárræktar skv. lögum nr. 21/1965, 2 138 þús. kr., en nettólækkun á öðrum liðum nemur 40 þús. kr.
- 246 **Veiðimálaskrifstofan.** Liðurinn lækkar um 300 þús. kr. vegna lækkunar á framlagi til laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði.
- 247 **Embætti yfirdýralæknis.** Hækkun á þessum lið, 1 773 þús. kr., stafar af framlagi vegna búfjársjúkdóms (hringskyrfis).
- 248 **Vélasjóður, framlag.** Lækkun, 750 þús. kr., á rót sína að rekja til þess, að á fjárlögum 1967 var veitt fé til síðustu greiðslu vegna kaupa á lokræsplógi og dráttarvél.
- 301 **Fiskifélag Íslands.** Hækkunin, 160 þús. kr., stafar af því, að í fjárlögum 1967 hafði ekki verið tekið tillit til verðlagsuppbótar á laun að fullu.

- 302 **Hafrannsóknastofnunin.** Liðurinn hækkar um 2 368 þús. kr. vegna aukinnar starfsemi í sambandi við komu nýs fiskileitarskips.
- 303 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 1 018 þús. kr., og stafar það af ráðningu nýs sérfræðings, 500 þús. kr., og afgangurinn af nýjum rannsóknarverkefnum.
- 304 **Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.** Hér er um að ræða nýjan lið í fjárlagafrumvarpi, sem á er færður hluti af útflutningsgjaldi, 4 500 þús. kr., en þessi hluti útflutningsgjaldsins er færður til tekna á rekstrarreikningi frumvarpsins.
- 305 **Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegs.** Þessi liður er nýr á fjárlagafrumvarpi og á hann færður hluti útflutningsgjalds, 3 400 þús. kr., sem á hinn bóginn er færður sem tekjur á rekstrarreikning fjárlagafrumvarps.
- 306 **Byggingarsjóður síldarleitarskips.** Liðurinn, sem inniheldur síldargjald, 10 200 þús. kr., er nýr á fjárlagafrumvarpi og færður til tekna á rekstrarreikning frumvarpsins.
- 311 **Fiskmat ríkisins.** Liðurinn hækkar um 343 þús. kr. vegna ráðningar nýs fiskmatsmanns og kostnaðar kringum hann.
- 322 **Sjávarútvegur, framlög.** Framlög til sjávarútvegsins hækka um 211 000 þús. kr., einkum vegna áætlaðs framlags til verðjöfnunar á sjávarafurðum, 100 000 þús. kr., og til uppbóta á fiskverð, 100 000 þús. kr., en þessi framlög voru ákveðin með sérstökum lögum utan fjárlaga á árinu 1967. Fjárveitingin nú er áætlunarupphæð, sem ekki verður greidd nema í samræmi við sérlög, er væntanlega verða sett. Framlag til aflatryggingasjóðs hækkar um 2 000 þús. kr. og framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands um 9 000 þús. kr., en aðrir liðir eru óbreyttir.
- 399 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Liðurinn hækkar um 500 þús. kr. vegna sjóminjasýningar, sem fyrirhuguð er árið 1968.
- 401 **Orkustofnun.** Fjárveitingar til Orkustofnunar og Orkusjóðs (402) svara til 16. gr. D. í fjárlögum 1967. Samtals eru þessar fjárveitingar í frumvarpinu ráðgerðar jafnháar og þær eru í fjárlögum. Hins vegar er gerð veruleg tilfærsla til lækkunar á fjárveitingu til Orkustofnunar frá því, sem nú er eða nál. 1 900 þús. kr. Samsvarandi hækkun er gerð á framlagi til Orkusjóðs.
- 402 **Orkusjóður.** Sjóðnum er nú ætluð fjárveiting í fyrsta sinn skv. nýju orkulögunum. Þar er talin fjárveiting til rafvæðingar í sveitum, óbreytt f. f. á., 4 000 þús. kr., til díeselrafstöðvalána handa bændum og 3 000 þús. kr. til lána vegna jarðhitaleitar. Til að fullnægja þörf fyrir díeselstöðvalán handa bændum þarf Orkusjóður að auki að taka u. þ. b. 5 m.kr. lán.
- 403 **Rafmagnseftirlit ríkisins.** Á móti útgjöldum á þessum lið kemur sama upphæð til tekna á rekstrarreikningi frumvarpsins, sem er rafmagnseftirlitsgjald, 5 500 þús. kr.
- 501 **Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.** Hækkun á þessum lið nemur 998 þús. kr., sem stafar af því, að rannsóknastofnun landbúnaðarins verður allt árið 1968 í nýju húsnæði á Keldnaholti, og hefur það í för með sér 800 þús. kr. kostnaðarauka. Þá eykst kostnaður vegna rafmagns og hitunar um 182 þús. kr., sökum þess að í áætlun til fjárlaga 1967 var ekki tekið tillit til verðhækkunar á þessum liðum, sem varð á árinu 1967, og loks eru eðlilegar launahækkunarir 16 þús. kr.
- 504 **Verzlunarskólar.** Liðurinn hækkar um 380 þús. kr., þar af 95 þús. kr. vegna prófs löggiltra endurskoðenda, en afgangurinn stafar af aukinni kennslu í Verzlunarskóla Íslands og Samvinnuskólanum.

#### 04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Sjá skýringar á bls. 127.
- 102 Hæstiréttur. Hækkun á þessum lið er 381 þús. kr. og stafar af nauðsynlegri viðgerð á þaki, aukinni vélritunarvinnu og kaupum á innanstokksmunum.
- 104 Borgardómarinn í Reykjavík. Liðurinn hækkar um 227 þús. kr. vegna ráðningar löglærðs fulltrúa.
- 105 Borgarfélagetinn í Reykjavík. Hækkun er 343 þús. kr., fyrst og fremst vegna þess að gert er ráð fyrir endurskipulagningu á bókhaldi, en auk þess mun launaliður hafa verið vanáætlaður í fjárlögum 1967.
- 107 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Það, sem veldur hækkuninni, 1 893 þús. kr., er kaup tveggja ritara, 220 þús. kr., vextir 1 322 þús. kr., og kostnaður vegna aukins húsnæðis.
- 110 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Þessi liður inniheldur byggingarframlög vegna embættisbústaða héraðsdómara, og er um sömu upphæð, 2 160 þús. kr., að ræða og í fjárlögum 1967, þegar tillit hefur verið tekið til 10% almennrar lækkunar á slíkum fjárlögum.
- 111—134 Sýslumenn og bæjarfógetar. Til rekstrar embætta sýslumanna og bæjarfógeta voru veittar samtals 44 657 þús. kr. á fjárlögum 1967, áður en tillag frá Tryggingastofnun ríkisins, 6 500 þús. kr., hefur verið dregið frá, en samþæfileg heildartala í fjárlagafrumvarpi 1968 er 45 484 þús. kr. Hækkunin er því 827 þús. kr.
- 141 Dómsmál, ýmis kostnaður. Liðurinn hækkar um 2 375 þús. kr., þar af málskostnaður 1 750 þús., meðdómsmenn 250 þús. kr., setu- og varadómarar 150 þús. kr., próf málflytjenda, nýr liður, 125 þús. kr. og ýmis sameiginlegur kostnaður við embætti dómara og lögreglustjóra 500 þús. kr. Á móti fellur út framlag til útgáfu lagasafns, 400 þús. kr.
- 142 Löggæzla. Framlög til löggæzlu hækka um 8 446 þús. kr., og verður hækkun til allra málefna á þessum lið. Langmest munar þó um hækkun framlaga til löggæzlu sveitarfélaga 4 000 þús. kr., borgarlögreglu í Reykjavík 2 806 þús. kr. og ríkislögreglu í Reykjavík 636 þús. kr.
- 146 Fangamál, ýmis kostnaður. Liðurinn sýnir 555 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1967, sem þó er óraunhæf, því að sé tekið tillit til 10% almennrar lækkunar á fjárfestingarframlögum á yfirstandandi ári, er um lítilsháttar hækkun að ræða á liðnum frá fjárlögum 1967.
- 147 Landhelgisgæzla. Framlög til Landhelgisgæzlu lækka um 10 542 þús. kr. frá fjárlögum 1967, en að frátalinni lokagreiðslu af skuld vegna „Óðins“, 3 450 þús. kr. í fjárlögum yfirstandandi árs, nemur lækkunin 7 092 þús. kr. Orsakir þessarar lækkunar eru fólgnar í fyrirhugaðri endurskipulagningu á starfsemi, annars vegar vegna komu hins nýja varðskips á miðju ári 1968 og hins vegar vegna þess að gert er ráð fyrir, að Landhelgisgæzlan annist rekstur vitaskipsins „Árvakurs“. Þar sem samningum um það er ekki lokið, er þó ekki gert ráð fyrir rekstri vitaskipsins á þessum lið. Að öðru leyti er fyrirhuguð endurskipulagning í því fólgin að leggja „Ægi“, „Mariu Júlíu“ og draga úr rekstri „Alberts“ að hálfu leyti.
- 151 Framkvæmd laga um hægri umferð. Á móti útgjöldum á þessum lið, 32 720 þús. kr., koma tekjur af sérstökum bifreiðaskatti, 16 160 þús. kr., sem færðar eru á rekstrarreikning fjárlagafrumvarps. Nettófjárveiting verður þannig 16 560 þús. kr.
- 152 Bifreiðaeftirlit. Hækkunin, 932 þús. kr., stafar fyrst og fremst af því, að útgjöld voru vanáætluð í fjárlögum 1967. Þessi liður hafði ekki áhrif á niðurstöðutölur fjárlaga 1967, þar sem tekjur voru færðar til jöfnunar gjaldamegin.
- 201 Landlæknisembættið. Liðurinn hækkar um 876 þús. kr., og stafar sú hækkun af hærri launagreiðslum til héraðslækna, 359 þús. kr., námslauna héraðslækna,

500 þús. kr., og prentunarkostnaði, 250 þús. kr., sem áður hefur verið færður á annan lið fjárlaga. Á móti fellur út stofnframlag til bifreiðalánasjóðs hér aðslækna, 500 þús. kr., en aðrir liðir hækka um samtals 267 þús. kr.

- 202—208 Ríkisspítalar. Framlög til ríkisspítala eru miðuð við óbreyttan rekstur frá 1967 að öðru leyti en því, að framlög til Landsspítala eru hækkuð vegna nýrrar lyflæknisdeildar. Sú lækkun, sem fram kemur á framlögum til einstakra stofnana stafar af því, að skrifstofa ríkisspítalanna er færð sérstaklega (212), en áður hafði rekstrarkostnaði hennar verið skipt á einstök sjúkrahús og stofnanir.

Byggingarframlög til ríkisspítala eru innifalin í framlögum til einstakra stofnana, en þau eru sem hér segir:

	M.kr.
Landspítali, viðbygging .....	25.0
Landspítali, eldhús .....	12.0
Fæðingardeild Landspítalans .....	2.0
Kristneshæli .....	1.0
Fávítahælið í Kópavogi .....	0.4

Samtals 40.4

Sé tekið tillit til almennrar lækkunar byggingarframlaga á árinu 1967, hækka slík framlög til ríkisspítala um 3 770 þús. kr. skv. fjárlagafrumvarpi 1968.

- 209 Blóðbanki. Heildarhækkun á útgjöldum stofnunarinnar er 136 þús. kr., en þar sem tekjur hækka um 333 þús. kr., lækkar framlag ríkissjóðs um 197 þús. kr.
- 212 Skrifstofa ríkisspítalanna. Þetta er nýr liður á fjárlögum, en áður hefur kostnaði við skrifstofuna verið skipt á einstök sjúkrahús og stofnanir eins og fyrr greinir. Heildarkostnaður við skrifstofuna er áætlaður 6 149 þús. kr. árið 1968.
- 213 Til sjúkrahúsa og læknaþústaða. Hækkunin á þessum lið er 7 585 þús. kr., sem kemur þannig fram: Styrkir til heilsuverndarstöðva hækka um 1 173 þús. kr., byggingarstyrkur til St. Jósepsspítala lækkar um 410 þús. kr., byggingarstyrkur til borgarsjúkrahúss í Reykjavík hækkar um 8 000 þús. kr., og nettólækkun á framlögum til byggingar annarra sjúkrahúsa nemur 1 178 þús. kr. Síðasttaldi liðurinn táknar þó ekki raunverulega lækkun á fjárframlögum með tilliti til 10% almennrar lækkunar á yfirstandandi ári.
- 214 Lyfjaskrárnefnd og sérlyfjaeftirlit. Útgjöld skv. þessum lið voru greidd af 12. og 19. gr. fjárlaga 1967. Á móti gjöldunum, 803 þús. kr., eru færðar tekjur af sérlyfjagjaldi, 400 þús. kr., á rekstrarreikning fjárlagafrumvarps.
- 215 Minningarsjóður Landspítalans. Hér er um að ræða tekjur af samúðarskeytum Landssímans, 1 400 þús. kr., sem færðar eru á móti sem tekjur á rekstrarreikning frumvarpsins.
- 216 Krabbameinsfélag Íslands. Á þennan lið er færður hluti félagsins af gjaldi af seldum vindlingum, 3 100 þús. kr., og gjald af eyðublöðum heillaskeyta, 200 þús. kr. Þessir liðir eru færðir til tekna á rekstrarreikningi.
- 217 Hjartavernd. Hluti Hjartaverndar af flöskugjaldi, 6 000 þús. kr., er færður á þennan lið, og er gjaldið jafnframt fært sem tekjuliður á rekstrarreikning.
- 219 Ýmis heilbrigðismál. Hækkunin, 1 307 þús. kr., stafar af aukningu styrkja til sjúklinga, sem þurfa að leita læknis erlendis, og af auknum útgjöldum vegna eyðingar meindýra.
- 501 Þjóðkirkjan. Lækkunin, 1 379 þús. kr., stafar einkum af 10% almennri lækk-



un fjárfestingarframlaga og lækkun framlags til prestseturs í Odda. Hins vegar hækkar framlag til biskupsbústaðar um 463 þús. kr. Óverulegar breytingar eru á nokkrum öðrum liðum.

#### 05 Félagsmálaráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Sjá skýringar á bls. 127.
- 201 Tryggingastofnun ríkisins er nú í fyrsta sinn tekin í fjárlög. Iðgjöld almanna-trygginga eru færð sem tekjur á rekstrarreikning fjárlaga og út gjaldamegin sem framlag til Tryggingastofnunar ríkisins ásamt framlagi ríkissjóðs til trygginganna.
- Heildarframlag vegna lífeyris- og sjúkratrygginga er áætlað 1 254 400 þús. kr., þar af eru 452 400 þús. kr. iðgjöld úr tekjuhlið rekstrarreiknings, þannig að beint framlag ríkissjóðs verður 802 000 þús. kr. Þetta er 22 800 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1967, sem skýrist þannig, að greiðsla Tryggingastofnunarinnar til sýslumanna, 6 500 þús. kr., kemur til frádráttar á framlagi ríkissjóðs, fjárlagatalan 1967 inniheldur skuld frá fyrri árum 40 000 þús. kr., en á móti koma eðlilegar hækkanir vegna fjölgunar hinna tryggðu, 14.000 þús. kr. og hækkanir framlags til sjúkratrygginga vegna hækkaðs daggjalds, 9 700 þús. kr.
- 202 Ríkisframbærsla. Miðað er við, að daggjöld á einstökum sjúkrahúsum og stofnunum séu í samræmi við 500 kr. daggjald á Landspítala. Hækkar framlag ríkissjóðs til ríkisframbærslu í 139 537 þús. kr. eða um 7 247 þús. kr. frá fjárlögum 1967, sem stafar fyrst og fremst af fjölgun vistdaga ellikramar-sjúklinga og fávita á dagheimilum.
- 203 Erfðafjárskattur. Þetta er nýr liður á fjárlögum og á hann færður erfðafjárskattur, 5 500 þús. kr., sem jafnframt er færður til tekna á rekstrarreikning.
- 301 Húsnæðismálastofnun ríkisins. Á þennan lið eru færðir eftirtaldir teknaliðir, sem teknir hafa verið inn á rekstrarreikning frumvarpsins: Hluti af tekju-skatti einstaklinga og félaga 5 630 þús. kr., hluti af eignarskatti einstaklinga og félaga 1 570 þús. kr., byggingarsjóðsgjald af innflutningi 9 359 þús. kr., sérstakt framlag af eignarskatti 40 000 þús. kr. og launaskattur 107 000 þús. kr., samtals 163 559 þús. kr. Auk þess inniheldur liðurinn framlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis 18 000 þús. kr., laun húsnæðismálastjórnar 700 þús. kr. og kostnað við skyldusparnað 5 700 þús. kr., eða samtals 187 959 þús. kr. Þetta er 5 633 þús. kr. hærri upphæð en árið 1967, og stafar hækkanin að verulegu leyti af áætlaðri aukningu tekna af framangreindum sköttum og gjöldum.
- 302 Byggingarsjóður verkamanna. Hækkun á þessum lið nemur 6 250 þús. kr., sem stafar annars vegar af hækkanum beins framlags til sjóðsins um 6 000 þús. kr. og hins vegar af vanáætlun á kostnaði við teikningar í fjárlögum fyrri ára, 250 þús. kr.
- 401 Sveitarfélög, framlög. Framlög vegna heimilishjálpar hækka um 370 þús. kr. og vegna vinnumiðlunar um 250 þús. kr., en framlög til vatnsveitna skv. lögum sýna lækkun um 300 þús. kr. Sökum almennrar 10% lækkunar árið 1967 er þó raunverulega ráðgert að verja 380 þús. kr. hærri upphæð til vatnsveitna árið 1968 en á yfirstandandi ári.
- 402 Skipulagsstjóri. Heildarútgjöld á þessum lið eru 6 701 þús. kr., en á móti koma tekjur af skipulagsgjaldi, 6 800 þús. kr., sem færðar eru á rekstrarreikning.
- 403 Lánasjóður sveitarfélaga. Lækkunin, sem fram kemur á þessum lið, er óraunhæf með tilliti til 10% almennrar lækkunar slíkra fjárframlaga. Framlagið er hið sama og 1967.

- 701 **Aðstoð við blinda.** Á þennan lið er færður hluti sælgætisgjalds, 600 þús. kr., sem kemur á móti sem tekjur á rekstrarreikningi og beint framlag úr ríkissjóði, 100 þús. kr.
- 704 **Slysavarnafélag Íslands.** Auk óbreytts beins framlags ríkissjóðs, 550 þús. kr., inniheldur liðurinn hluta gjalds af seldum vindlingum, 3 100 þús. kr., og er gjaldið einnig fært til tekna á rekstrarreikning.
- 705 **Styrktarsjóður fatlaðra.** Hér er um að ræða hluta sælgætisgjalds, 1 700 þús. kr., sem kemur á móti sem tekjur á rekstrarreikningi.
- 706 **Styrktarsjóður vangefinna.** Á þennan lið er færður hluti flöskugjalds, 18 000 þús. kr., en það er einnig fært til tekna á rekstrarreikningi.
- 801 **Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs.** Gert er ráð fyrir hækkun iðgjalda úr 17.10 kr. í 20.10 kr., en á fjárlögum 1967 var framlag ríkissjóðs þó miðað við 19.20 kr. vikugjald. Liðurinn inniheldur iðgjöldin, 42 500 þús. kr., sem færð eru á móti teknamegin á rekstrarreikning, og beint framlag ríkissjóðs, 87 000 þús. kr. Á fjárlögum 1967 nam framlag ríkissjóðs 79 300 þús. kr., þar af 11 300 þús. kr. vegna skuldar frá fyrri árum. Raunveruleg hækkun á beinu framlagi ríkissjóðs vegna trygginga ársins 1968 er því 19 000 þús. kr., sem skiptist þannig: Vegna hækkunar iðgjalds úr 19.20 kr. í 20.10 kr., 3 200 þús. kr., vegna þátttöku verzlunarmanna í tryggingunum, 15 000 þús. kr., og vegna fjölgunar tryggðra vinnuvikna að öðru leyti, 800 þús. kr.
- 999 **Ýmis framlög.** Heildarhækkun á þessum lið nemur 3 735 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Byggingarframlag til S. Í. B. S. (nýr liður) er 2 500 þús. kr., framlag til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra inniheldur gjald af seldum eldspýtum, 1 800 þús. kr., en það er einnig fært til tekna á rekstrarreikningi, og rekstrarstyrkur til S. Í. B. S., 258 þús. kr. Hins vegar fellur út byggingarstyrkur til elliheimilis á Ísafirði, og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 160 þús. kr.

#### 06 Fjármálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Sjá skýringar á bls. 127.
- 102 **Ríkisbókhald og ríkisféhirzla.** Sjá skýringar á bls. 127.
- 201—211 **Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur.** Heildarútgjöld á þessum liðum nema 42 541 þús. kr., en sambærileg tala á fjárlögum 1967 er 36 000 þús. kr. Er hækkunin frá fjárlögum 1967 því 6 541 þús. kr. Skýringin er að mestu leyti fólgin í vanáætlun þessara liða á fyrri árum, en auk þess hefur orðið nokkur starfsmannafjöldun við embætti ríkisskattstjóra.
- 222 **Gjaldheimtan í Reykjavík.** Nettóhækkun á rekstrarkostnaði Gjaldheimtunnar er 925 þús. kr., en hluti ríkissjóðs, 42,5%, er 393 þús. kr.
- 301 **Tollstjórinn í Reykjavík.** Útgjöldin á þessum lið hækka um 767 þús. kr., sem stafar af því að 156 þús. kr. af sameiginlegum kostnaði ráðuneytanna er nú fært á Tollstjóraskrifstofuna, gert er ráð fyrir að fjölga starfsfólki um einn mann, ca. 200 þús. kr., skýrsluvélanin hækkar um 40 þús. kr., 80 þús. kr. stafar af því, að á árinu 1968 verður haldið hér á landi tollmót Norðurlanda, og gert er ráð fyrir lítils háttar hækkun vegna námsferða, 125 þús. kr. stafar af því að gert er ráð fyrir, að sendar verði út tilkynningar um bifreiðaskatt, og loks 166 þús. kr. á öðrum liðum, sem talið er að hafi verið vanáætlaðir í fjárlögum 1967.
- 303 **Tollgæzla utan Reykjavíkur.** Útgjöld á þessum lið hækka um 413 þús. kr. vegna rannsókna og leitardeildar.
- 304 **Tollstöðvar, framlag.** Á þennan lið er fært tollstöðvargjald 9 359 þús. kr., sem er 0,5% af áætluðum innheimtum aðflutningsgjöldum. Gjaldið er einnig fært til tekna á rekstrarreikning.
- 601 **Ríkisábyrgðasjóður, framlag.** Heildarhækkun á liðnum er 34 000 þús. kr., sem skiptist í 25 000 þús. kr. beint framlag og 9 000 þús. kr. áhættuiðgjald, sem

- er fært á móti til tekna á rekstrarreikning frumvarpsins. Hækkunin er þó raunverulega 49 000 þús. kr., þar eð gert var ráð fyrir, að 15 000 þús. kr. af áætluðu framlagi til sjóðsins í ár yrði notað til að mæta hluta aukinna útgjalda vegna hækkunar fiskuppbóta.
- 771 Lífeyrissjóðir, framlög. Hækkunin, 3 000 þús. kr., stafar af eðlilegri hækkun launagreiðslna.
- 802 Ríkisbifreiðar, framlag. Hér er um sömu upphæð að ræða og greidd verður til fyrningarsjóðs ríkisbifreiða árið 1967.
- 901 Ýmis framlög. Þessi liður inniheldur þrjá liði, sem ekki voru á fjárlögum 1967, þ. e. kaup tiltekins eintakafjölda dagblaða, 2 000 þús. kr., kaup á nýju símaskiptiborði fyrir stjórnarráðið, 900 þús. kr. (fyrri greiðsla), og sérstakur liður vegna óvissra útgjalda, 10 000 þús. kr., sem ætlazt er til, að einungis sé gripið til, ef algjörlega ófyrirséð atvik ber að höndum.

#### 07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Sjá skýringar á bls. 127.
- 111 Vegagerð. Vegagerð ríkisins er nú tekin á fjárlög og eru allir tekjustofnar, sem renna til vegagerðar, færðir á rekstrarreikning. Þessir tekjustofnar eru:

	þús. kr.
Gúmmígjald .....	14 700
Innflutningsgj. af benzíni .....	252 600
Bifreiðaskattur .....	74 700
Vegagjald .....	15 000

Samtals 357 000

- Heildarútgjöld vegagerðarinnar nema 372 000 þús. kr., þannig að gert er ráð fyrir 15 000 þús. kr. beinu framlagi úr ríkissjóði. Þessi sérstaka fjárveiting er þannig til komin, að við mat á horfum á lánsfjáröflun til vegagerðar innan framkvæmdaáætlunar ársins 1968 kom í ljós, að 15 000 þús. kr. myndi skorta á það, að unnt væri að afla lánsfjár til að ljúka æskilegum framkvæmdum í vegamálum á því ári.
- 121 Strandferðir, framlög. Hér er um að ræða 29 000 þús. kr. framlag til Skipaútgærdar ríkisins, til flóabáta og vöruflutninga, 8 677 þús. kr., og til byggingar flóabáta fyrir farsvæði Djúpbáts og Breiðafjarðarbáts 820 þús. kr. Er hér um sömu upphæð að ræða og í fjárlögum 1967.
- 132 Vitamál. Hækkunin á þessum lið nemur 1 060 þús. kr., þar af 150 þús. kr. vegna aukinna launagreiðslna vitavarða og fyrir aukagæzlu og aðstoð, en afgangurinn stafar af auknum rekstrarkostnaði vitamálanna almennt.
- 133 Hafnamál. Framlag til hafnamála hækkar um 10 595 þús. kr. samanborið við fjárlagatölu 1967, en vegna 10% almennrar lækkunar á framlögum á yfirstandandi ári er raunveruleg hækkun 14 100 þús. kr. Þessi hækkun skýrist þannig, að fjárveiting vegna skuldagreiðslna frá fyrri árum er aukin um 10 000 kr., framlag til Hafnarbótasjóðs hækkar um 4 800 þús. kr. samkv. lögum, vaxtagreiðslur aukast um 800 þús. kr., en framlag til endurbóta á dýpkunarskipinu Gretti, 1 500 þús. kr., fellur út.
- 152 Veðurstofan. Þessi liður lækkar um 586 þús. kr., sem kemur þannig fram, að rekstrargjöld hækkar um 490 þús. kr. vegna eðlilegra launahækkana sökum aldurs og launaskatts, kostnaðar vegna flutnings sjónvarpsveðurfregna svo og tækjakaupa, en út fellur framlag til byggingar háloftastöðvar á Keflavíkurlflugvelli, 1 076 þús. kr.
- 153 Stýrimannaskólinn. Hækkun á þessum lið er 498 þús. kr., þar af 178 þús. kr. vegna aukinnar tímakennslu og eðlilegra aldurshækkana, 170 þús. kr. vegna

- húsaleigu, 100 þús. kr. vegna hita, ljóss og ræstingar og 50 þús. kr. vegna útgáfu kennslubóka.
- 159 Gisti- og veitingastaðaeftirlit. Hækkunin, 225 þús. kr., stafar af auknum fjölda náðhúsa.
- 162 Sérleyfissjóður. Á þennan lið er fært sérleyfisgjald, 1 500 þús. kr., sem jafnframt er fært til tekna á rekstrarreikning frumvarpsins.
- 171 Flugmálastjórn. Heildarfjárveiting til flugmála er 65 564 þús. kr. Samsvarandi fjárveiting 1967 var 55 756 þús. kr., þegar tekið hefur verið tillit til 10% almennrar lækkunar á fjárfestingarliðum og fyrir utan rekstur Keflavíkurflugvallar, sem nú er færður sérstaklega sem B-hluta stofnun á vegum utanríkisráðuneytisins (202 105). Hækkunin, 9 808 þús. kr., skýrist þannig: Tekjulækkun vegna flutnings millilandaflugs, 1 000 þús. kr., afborganir og vextir, sem nú eru tekin með, en voru ekki á fjárlögum 1967, 8 458 þús. kr., og kostnaður vegna ráðningar nýs eftirlitsmanns með flugvélum, 350 þús. kr.
- 200 Iðnaðarmálastofnun Íslands. Framlag hækkar um 457 þús. kr., sem stafar af aukningu rekstrarútgjalda um 313 þús. kr., þinglýsingar vegna kaupa á húsnæði, 68 þús. kr., og aðrir liðir hækka um samtals 76 þús. kr.
- 201 Rannsóknastofnun iðnaðarins. Hækkunin, sem verður á þessum lið, er 783 þús. kr. og skiptist þannig: Tækjakaup 600 þús. kr., viðhald 70 þús. kr., annað 13 þús. kr., og tekjur lækka um 100 þús. kr.
- 203 Iðja og iðnaður, framlög. Á þessum lið verður 915 þús. kr. hækkun, sem fólgin er í því, að nýtt viðfangsefni er tekið upp, aðstoð við endurskipulagningu og sameiningu iðnfyrirtækja, 1 200 þús. kr., en á móti lækkar framlag vegna starfsemi iðnþróunararráðs um 200 þús. kr. Þá falla út liðirnir til vörumerkjaskráningar og öryggisráðs, 85 þús. kr.

#### 08 Viðskiptaráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Sjá skýringar á bls. 127.
- 202 Verðlagsskrifstofan. Á þessum lið verður 1 036 þús. kr. hækkun, sem stafar af aukinni starfsemi vegna verðstöðvunarlaganna. Liðurinn var ekki í fjárlögum 1967.
- 301 Niðurgreiðslur. Fjárveiting til niðurgreiðslna á vöruverði innanlands lækkar samkvæmt frumvarpinu um 188 700 þús. kr. frá þeirri upphæð, sem var í fjárlögum 1967. Þessi lækkun niðurgreiðslna er liður í ráðstöfunum til að skapa jöfnuð í fjármálum ríkisins á árinu 1968.

#### 09 Hagstofa Íslands.

Sjá skýringar á bls. 127.

#### 10 Ríkisendurskoðun.

Sjá skýringar á bls. 127.

## FYLGISKJÖL OG SKRÁ yfir stofnanir og sjóði.

### Fylgiskjal I.

#### Skýringar við talnalykil fjárlagafrumvarps 1968.

Eins og ljóst er af lestri frumvarpsins, hefur verið gerður sérstakur talnalykill til að merkja ráðgerðar fjárveitingar í frumvarpinu á sambærilegan hátt. Þessi talnalykill kann að virðast flókinn við fyrstu sýn og þarfnast því nokkurra skýringa.

Talnalykillinn miðar að því, að hver greiðsla, sem ráðgert er að heimila í frumvarpinu sé tölumerkt þannig, að af talnamerkingunni einni saman megi ráða eftirtalin atriði:

Hvort greiðsla tilheyrir A- eða B-hluta fjárlagafrumvarps.

Hvaða ráðuneyti greiðslan heyrir til.

Hvaða stofnun greiðslan heyrir til.

Hvaða viðfangsefni greiðslan heyrir til, ef við á.

Hvers eðlis greiðslan er (rekstrargjöld, rekstrartekjur, inn- eða útborgun lána- eða fjármunahreyfinga).

Ef um er að ræða rekstrarútgjöld, þá hvaða tegund útgjalda um er að ræða.

Talnalykillinn, sem notaður er til að ná þessu markmiði hefur 11 tölustafi eða sæti:

Sæti:	1	2—3	4—6	7—8	9	10—11
	x	xx	xxx	xx	x	xx
Dæmi:	1	03	245	07	0	93 45.000

Hér er um að ræða 45 m.kr. fjárveitingu.

1 í fremsta sæti merkir, að hér sé um að ræða A-hluta frumvarpsins.

03 í 2. og 3. sæti merkir, að fjárveitingin heyrir til atvinnuáráðuneyti.

245 í 4.—6. sæti er númer stofnunar, í þessu tilfelli gervistofnunar, sem heitir landbúnaður, framlög.

07 í 7.—8. sæti er viðfangsefnanúmer undir „stofnun“ nr. 245 og heitir jarðræktarframlög.

0 í 9. sæti merkir, að hér sé um að ræða rekstrarútgjöld.

9 í 10. sæti merkir, að tegund útgjalda sé yfurfærsla.

3 í 11. sæti merkir, að yfurfærslan sé yfurfærsla til fyrirtækja eða atvinnuvega.

Í heild er talnalykillinn þannig:

		Númer						
		x	xx	xxx	xx	x	xx	
Sæti 1:	1							A-hluti frumvarps.
	2							B-hluti frumvarps.
Sæti 2—3:	00							Æðsta stjórn ríkisins.
	01							Forsætis- og menntamálaráðuneytið.
	02							Utanríkisráðuneytið.
	03							Atvinnumálaráðuneytið.
	04							Dómsmálaráðuneytið.
	05							Félagsmálaráðuneytið.
	06							Fjármálaráðuneytið.
	07							Samgöngumálaráðuneytið.
	08							Viðskiptamálaráðuneytið.
	09							Hagstofa Íslands.
	10							Ríkisendurskoðun.
	11							Póstur og sími.
Sæti 4—6:		xxx						Stofnananúmer. Um lyklnúmer þessi undir hverju ráðuneyti visast til efnis- yfirlits og frumvarpsins sjálfs.
Sæti 7—8:			xx					Viðfangsefnanúmer stofnunar.
Sæti 9:				0				Rekstrargjöld.
				1				Rekstrartekjur.
				3				Lánahreyfingar út <sup>1)</sup> .
				4				Lánahreyfingar inn <sup>1)</sup> .
Sæti 10:				(0)	1			Laun.
					2			Viðhald.
					3			Vextir.
					4			Gjaldfærður stofnkostnaður <sup>2)</sup> .
					5			Önnur rekstrargjöld.
					9			Yfurfærslur.
				(1)	1			Seldar vörur og þjónusta <sup>3)</sup> .
					3			Vaxtatekjur <sup>3)</sup> .
					7			Framlög sveitarfélaga <sup>3)</sup> .
					8			Úr ríkissjóði <sup>3)</sup> .
					9			Aðrar tekjur <sup>3)</sup> .
								Í frumvarpinu er ekki gerð frekari skipting nema á yfurfærslum.
Sæti 11:				(0)	(9)1			Yfurfærslur til fyrirtækja í B-hluta.
					2			— — sveitarfélaga.
					3			— — fyrirtækja og atvinnuvega.
					4			— — einstaklinga, heimila og samtaka.

1) Í B-hluta merkja þessar tölur fjármunahreyfingar út (fjárfestingar auk lánahreyfinga) og inn (b. á m. afskriftir).

2) Í B-hluta standa 4 í 10. sæti fyrir hráefni og vörur til endursölu og 6 í sama sæti fyrir afskriftir.

3) Þessi skipting er einungis notuð í B-hluta.

Í reikningshaldi er reiknað með lengri talnalykli, sem gerir frekari sundurliðun útgjalda mögulega.

Dæmi: 1 01 212 xx 02

Menntaskólinn á Akureyri, viðhaldskostnaður. Viðfangsefnasundurliðun er ekki til og á raunar ekki við.

Dæmi: 1 02 300 03 94

Alþjóðastofnanir, tillag til Sameinuðu þjóðanna, yfirfærsla til samtaka.

#### **Notagildi talnalykilsins.**

Í fjárlagafrumvarpinu er notagildi talnalykilsins aðallega fólgið í því, hversu aðgengilegt er að vísa til hvernar stofnunar og fjárveitingar.

Samræmd merking greiðslutegunda auðveldar sömuleiðis gerð heildaryfirlita mismunandi tegunda tekna og gjalda stofnana og fyrirtækja.

Notagildi þessa lykils verður hins vegar fyrst verulegt við reikningsfærslu, þegar tímabært þykir að taka rafeindatækni í notkun við reikningshald og skýrslugerðir um fjárreiður ríkisins.

## Fylgiskjal II.

### Starfsmannaskrá.

Starfsmannaskráin er að þessu sinni allfrábrugðin því, sem verið hefur. Fyrri starfsmannaskrár hafa eingöngu tekið til fastráðinna starfsmanna, en nú nær skráin til allra þeirra, er vinna að staðaldri hjá viðkomandi stofnunum og fyrirtækjum. Á þennan hátt gefur starfsmannaskráin í flestum tilvikum fyllri mynd af raunverulegu starfsmannahaldi ríkisins og er í meira samræmi við þær launagreiðslur, sem sýndar eru í viðkomandi stofnunum og fyrirtækjum.

Skráin tekur til þeirra starfsmanna, er laun tóku samkvæmt kjaradómi í maí 1967.

#### A-HLUTI

Embætti og staða	Stm.	Launafll.	Laun kr.
<b>00 100 Embætti forseta Íslands:</b>			
Forsetaritari .....	1	24.	
Ráðskona að Bessastöðum .....	1	16.	
Bókari .....	1	14.	
Bifreiðarstjóri .....	1	10.	
Vinnumaður á ríkisbúi .....	1	08.	
Samtals	5		907 981
<b>00 200 Alþingi:</b>			
Skrifstofustjóri .....	1	28.	
Fulltrúar .....	2	21.	
Eftirlitsmaður .....	1	18.	
Skjalavörður .....	1	14.	
Fulltrúar .....	2	12.	
Húsvörður .....	1	08.	
Samtals	8		1 549 942
<b>00 300 Ráðherrar:</b>			
Ráðherrar .....	7	U.	
Samtals	7		2 560 000
<b>01 101 Forsætis- og menntamálaráðuneytið:</b>			
Ráðuneytisstjóri .....	1	28.	
Deildarstjórar .....	2	24.	
Sérfræðingur í skólarannsóknum .....	1	22.	
Fulltrúi .....	1	21.	
— .....	1	20.	
Skjalapýðandi .....	1	20.	
Bókarar .....	3	11.	
Bifreiðastjóri .....	1	10.	
Húsvörður .....	1	08.	
Samtals	12		2 387 160



	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun kr.
<b>01 199</b>	<b>Eftirlit með skólabýggingum:</b>			
	Eftirlitsmenn .....	2	18.	
	<b>Samtals</b>	<b>2</b>		<b>424 277</b>
<b>01 201</b>	<b>Háskóli Íslands:</b>			
	Rektor .....	1	28.	
	Prófessorar .....	43	26.	
	Dósent í lyfjafræði .....	1	24.	
	Háskólaritari .....	1	24.	
	Dósentar .....	3	22.	
	Íþróttakennari .....	1	21.	
	Bókavörður .....	1	20.	
	Fulltrúi .....	1	20.	
	Tanntæknir .....	1	18.	
	Aðalgjaldkeri .....	1	17.	
	Deildarhjúkrunarkona .....	1	17.	
	Bókari .....	1	11.	
	Ritari .....	1	10.	
	Húsvörður .....	1	08.	
	Aðstoðarmenn .....	2	06.	
	<b>Samtals</b>	<b>60</b>		<b>15 678 336</b>
<b>01 202</b>	<b>Tilraunastöð Háskólans að Keldum:</b>			
	Forstöðumaður .....	1	26.	
	Læknir .....	1	24.	
	Sérfræðingar .....	2	23.	
	Bóluefnisstjóri .....	1	16.	
	Bústjóri .....	1	15.	
	Sérhæfur aðstoðarmaður .....	1	14.	
	Gjaldkeri .....	1	14.	
	Sérhæfir aðstoðarmenn .....	5	12.	
	Ráðskona .....	1	10.	
	Aðstoðarmaður .....	1	10.	
	<b>Samtals</b>	<b>15</b>		<b>2 522 537</b>
<b>01 203</b>	<b>Raunvísindastofnun Háskólans:</b>			
	Sérfræðingar .....	4	22.	
	Skrifstofustjóri .....	1	20.	
	Tækjafræðingur .....	1	16.	
	Umsjónarmaður .....	1	15.	
	Fulltrúi .....	1	14.	
	Sérhæfir aðstoðarmenn .....	3	12.	
	Bókari .....	1	11.	
	<b>Samtals</b>	<b>12</b>		<b>1 938 109</b>
<b>01 205</b>	<b>Handritastofnun Íslands:</b>			
	Forstöðumaður .....	1	26.	
	Sérfræðingar .....	2	21.	
	— .....	1	19.	
	Ritari .....	1	10.	
	<b>Samtals</b>	<b>5</b>		<b>1 036 351</b>

	Embætti og staða	Stm.	Launaf.	Laun kr.
<b>01 206</b>	<b>Orðabók Háskólans:</b>			
	Forstöðumaður .....	1	26.	
	Sérfræðingar .....	2	21.	
	Samtals	3		742 699
<b>01 208</b>	<b>Náttúrufræðistofnun Íslands:</b>			
	Forstöðumaður .....	1	26.	
	Deildarstjórar .....	2	23.	
	Sérfræðingar .....	3	22.	
	Hamskeri .....	1	14.	
	Sérhæfðir aðstoðarmenn .....	2	12.	
	Samtals	9		1 884 393
<b>01 209</b>	<b>Rannsóknaráð ríkisins:</b>			
	Framkvæmdastjóri .....	1	26.	
	Fulltrúi .....	1	12.	
	Samtals	2		430 652
<b>01 211</b>	<b>Menntaskólinn við Lækjargötu:</b>			
	Rektor .....	1	26.	
	Yfirkennarar .....	13	21.	
	Kennarar .....	21	20.	
	Fulltrúi .....	1	14.	
	Húsvörður .....	1	08.	
	Samtals	37		7 492 790
<b>01 212</b>	<b>Menntaskólinn á Akureyri:</b>			
	Skólameistarar .....	2	26.	
	Yfirkennarar .....	5	21.	
	Kennarar .....	7	20.	
	Íþróttakennari .....	1	18.	
	Húsvörður .....	1	08.	
	Samtals	16		3 409 358
<b>01 213</b>	<b>Menntaskólinn á Laugarvatni:</b>			
	Skólameistari .....	1	26.	
	Yfirkennari .....	1	21.	
	Kennarar .....	6	20.	
	Samtals	8		1 701 256
<b>01 214</b>	<b>Menntaskólinn við Hamrahlöð:</b>			
	Rektor .....	1	26.	
	Yfirkennari .....	1	21.	
	Kennarar .....	6	20.	
	Fulltrúi .....	1	14.	
	Húsvörður .....	1	08.	
	Samtals	10		1 802 588

	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun kr.
<b>01 215 Kennaraskólinn:</b>				
	Skólastjóri .....	1	26.	
	Yfirkennarar .....	4	21.	
	Kennarar .....	15	20.	
	Íþróttakennarar .....	2	18.	
	Barnakennarar .....	2	16.	
	Fulltrúi .....	1	12.	
	Húsvörður .....	1	08.	
	<b>Samtals</b>	<b>26</b>		<b>5 140 113</b>
<b>01 215 Kennaraskólinn, handavinnudeild:</b>				
	Yfirkennarar .....	2	21.	
	<b>Samtals</b>	<b>2</b>		<b>449 171</b>
<b>01 221 Fræðslumálastjóri:</b>				
	Fræðslumálastjóri .....	1	27.	
	Deildarstjórar .....	2	23.	
	Íþróttafulltrúi .....	1	22.	
	Fulltrúi .....	1	21.	
	Bókafulltrúi .....	1	20.	
	Fulltrúar .....	2	17.	
	— .....	1	12.	
	Bókarar .....	2	11.	
	Ritari .....	1	10.	
	— .....	1	07.	
	<b>Samtals</b>	<b>13</b>		<b>2 260 320</b>
<b>01 221 Námsstjórar:</b>				
	Námsstjórar .....	9	22.	
